FRÉTTABLAÐIÐ

257. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 4. DESEMBER 2020

Í Guðmundarlundi skammt frá Elliðavatni voru kynlegar verur á kreiki í gærkvöldi. Á för sinni um skóginn hittu göngumenn persónur úr jólaævintýrum. Þar voru Grýla, Leppalúði og fáein börn þeirra. Vel viðraði og voru vasaljós staðalbúnaður en leiðin var lýst með ljóskerjum. Þau juku einnig á dulúðina og ekki annað að sjá en gestum líkaði vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skila Elliðaárdal eins og hann var

UMHVERFISMÁL „Eiganda Elliðaárvirkjunar ber að þakka fyrir 100 ára nytjar Elliðaánna, taka til eftir sig og skila dalnum eins nálægt því ástandi sem hann var í fyrir virkjun og kostur er,“ skrifar Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, OR, í grein um Árbæjarlón í Fréttablaðinu í dag.

„Það er ekkert annað í stöðunni en að Orkuveitan verður látin fylla aftur í lónið,“ segir Björn Gíslason, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, hins vegar. Björn er í stýrinefnd um Elliðaárdalinn sem ræddi í gær ákvörðun OR um að tæma Árbæjarlón varanlega. „Þessi gjörningur er ekki samkvæmt gildandi deiliskipulagi, því var þeim óheimilt að taka þessa ákvörðun,“ segir Björn.

„Orkuveitan telur að henni sé ekki heimilt að trufla náttúrulegt rennsli Elliðaánna nú þegar rekstur Elliðaárstöðvar hefur verið lagður af,“ ítrekar Bjarni. – ab / sjá síðu 12

Ekki alls ólíkt hruninu

Kórónuveirukreppan bitnar illa á fleiri greinum en ferðaþjónustunni. Er ekki ólík fjármálahruninu. Aðgerðir sagðar þurfa að virka þvert á atvinnugreinar.

EFNAHAGSMÁL „Stundum er umræðan á þann veg að kórónukreppan sé einungis í ferðaþjónustu og örfáum afmörkuðum þjónustugreinum. Eins og stendur virðist samt sem kórónukreppan og fjármálakreppan hafi haft álíka slæm og víðtæk áhrif á umsvif annarra atvinnugreina en ferðaþjónustu og fjármálageirann,“ segir Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Víðtæk áhrif kórónukreppunnar sjáist í tölum um fjölda starfandi. Fyrir utan starfsemi hins opinbera, hefur aðeins orðið fjölgun starfa í einni atvinnugrein, veitustarfsemi, sem gæti einnig flokkast með hinu opinbera í ljósi þess að veitufyrirtæki eru að mestu í opinberri eigu.

Þrátt fyrir ólíkar orsakir og birtingarmyndir kórónukreppunnar og fjármálakreppunnar segir Konráð að áhrifin á hagkerfið séu að vissu leyti lík. Annars vegar er fjöldi atvinnugreina sem upplifa samdrátt ekki svo frábrugðinn – 40 nú en 48 þá – og hins vegar er algengt að samdrátturinn hafi verið meiri en 20 prósent í báðum tilfellum.

> Bæði þá og nú bitnar kreppan illa á meirihluta atvinnugreina.

Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Þá bendir Konráð á að óverulegur munur sé enn á heildarsamdrætti þá og nú í öðrum greinum en ferða- og fjármálaþjónustu. Hann er um átta prósent í báðum tilfellum.

„Engu að síður eru að sumu leyti ólíkar atvinnugreinar sem upplifa nú samdrátt, en bæði þá og nú bitnar kreppan illa á meirihluta greina.“

Víðtæk áhrif kreppunnar þýða að sértæk hagstjórnarviðbrögð duga skammt ein og sér. „Ef tryggja á að atvinnulífið nái kröftugri viðspyrnu þegar bóluefni nær útbreiðslu þurfa aðgerðir og úrræði að virka þvert á atvinnugreinar.“ – þfh / sjá síðu 6

Safna liði gegn höfuðborginni

SVEITARSTJÓRNIR „Ef Reykjavíkurborg fer með þetta mál áfram og vinnur það mun Jöfnunarsjóður þurfa að greiða þessa fjármuni,“ segir Stefán Vagn Stefánsson, forseti sveitarstjórnar Skagafjarðar, um 8,7 milljarða kröfu Reykjavíkurborgar vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði.

Sveitarstjórn Skagafjarðar hvetur önnur sveitarfélög til að mótmæla kröfunni. Verði hún ekki greidd fyrir daginn í dag boðar borgin dómsmál gegn ríkinu.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir kröfur borgarinnar beinast gegn ríkinu en ekki Jöfnunarsjóði. Sjóðurinn laskist ekki nema einhver ákveði að hann beri greiðslurnar.

„Borgin er mjög sátt við að greiða í Jöfnunarsjóð,“ segir Dagur. „Það sem er ósanngjarnt er að ómálefnalegar reglur án lagastoðar útiloki það að borgin sé metin eftir sömu úthlutunarreglum og önnur sveitarfélög.“ – khg / sjá síðu 4

Fjórir menn eru látnir í Bristol eftir að tankur við hreinsistöð sprakk.

Sprenging olli dauða fjögurra

ENGLAND Fjórir hafa fundist látnir eftir sprengingu í efnatanki við vatnshreinsistöð í Avonmouth, úthverfi Bristol, í vesturhluta Englands í gær.

Meðal látinna eru þrír starfsmenn vatnshreinsistöðvarinnar Wessex og einn verktaki að sögn lögreglu.

Nokkrir starfsmenn stöðvarinnar eru taldir hafa verið ofan á tankinum er sprengingin varð.

Sprengingin varð í tanki sem áður segir en nokkrir starfsmenn eru taldir hafa verið ofan á honum þegar sprengingin varð. Ekki leikur grunur á að um hryðjuverk hafi verið að ræða.

Boris Johnsson, forsætisráðherra Breta, vottaði fjölskyldum hinna látnu samúð sína síðdegis í gær. **– ilk**

Ólafur Helgi með réttarstöðu sakbornings

LÖGREGLUMÁL Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrverandi lögreglustjóri á Suðurnesjum, hefur réttarstöðu sakbornings í rannsókn héraðssaksóknara sem greint var frá á forsíðu Fréttablaðsins í gær. Þá hafa tveir starfsmenn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum jafnframt fengið sömu réttarstöðu og hafa þau þrjú verið send í leyfi á meðan á rannsókn stendur.

Ólafur Helgi Kjartansson

Réttarstaða sakbornings segir ekki til um sekt þess sem hana fær heldur er til réttarverndar í rannsókninni.

Ekki hefur enn fengist staðfest hvert sakarefni málsins er en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru starfsmenn embættisins kallaðir fyrir lögreglustjóra til að ræða meint trúnaðarbrot. **– þþ**

Vetur konungur drepur á dyr

Það var vetrarlegt um að litast á Akureyri í gær, talsvert frost og snjó hafði kyngt niður. Þeir sem ætluðu að ferðast um á bílum þurftu því að hafa nokkuð fyrir því að hreinsa mjöllina af farartækjum sínum svo allt væri sem öruggast. Áfram verða viðvaranir Veðurstofu í gildi. Appelsínugul viðvörun er í gildi til hádegis í dag fyrir Suðausturland vegna vindstyrks. Á miðhálendinu er gul viðvörun í gildi til sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Salmann var 65 ára þegar hann lést.

Salmann Tamimi látinn

ANDLÁT Salmann Tamimi, tölvunarfræðingur og forstöðumaður Félags múslima á Íslandi, er látinn 65 ára að aldri.

Hann lést í fyrrakvöld að því er fram kemur í tilkynningu frá félagi múslíma.

Salmann fæddist 1. mars árið 1955 í Jerúsalem og kom til Íslands árið 1971. Hann var tölvunarfræðingur að mennt og starfaði lengst af á Landspítalanum.

Salmann stofnaði Félag múslima á Íslandi árið 1997 og var einnig stofnfélagi í Félaginu Ísland-Palestína. **– ilk**

Leiðangur til að varpa ljósi á útbreiðslu loðnu

Ráðgerður er loðnumælingarleiðangur um helgina. Leiðangurinn var ákveðinn með stuttum fyrirvara. Tólf sérfræðingar frá Hafró verða með í för. Vonir leiðangursmanna standa til að takist að mæla lágmarksstærð veiðistofnsins.

LOÐNUVEIÐAR „Við förum í þetta með jákvæðum hug og teljum raunhæft að við getum náð marktækri mælingu á einhverri lágmarksstærð veiðistofnsins," segir Guðmundur Óskarsson, sviðsstjóri Uppsjávarsviðs Hafrannsóknastofnunar.

Ákveðið var með skömmum fyrirvara að halda um helgina til loðnumælinga sem eru samstarfsverkefni SFS, Hafrannsóknastofnunar og loðnuútgerða sem kosta leiðangurinn. Alls fara tólf sérfræðingar frá stofnuninni á fjórum skipum. Þeir fengu boð um leiðangurinn á miðvikudag.

„Kannski sem betur fer er COVID og fólk er ekki búið að gera neinar sérstakar ráðstafanir eins og oft áður. Það eru fá jólaboð fram undan en þetta reynir auðvitað á fólk. Sem betur fer er okkar fólk viljugt að bregðast við óvæntum hlutum," segir Guðmundur.

Að sögn Guðmundar er vonast til að ná utan um hversu stór stofninn er og telur hann það raunhæft. Niðurstöður loðnukönnunar á grænlenska uppsjávarveiðiskipinu Polar Amaroq sem lauk í síðustu viku sýndu austlægari útbreiðslu loðnu en undanfarin ár. Guðmundur segir að Hafrannsóknastofnun hafa skoðað og greint gögnin. Nú eigi að gera nákvæmari mælingar á útbreiðslusvæðinu sem þeir afmörkuðu vel.

„Það er mikið í húfi. Við förum af stað með þær væntingar að mögulega séum við að ná yfir stofninn með mælingum. Við höldum samt okkar áætlun um að gera okkar mælingar í janúar og febrúar því það er aldrei hægt að útiloka að meira magn eigi eftir að ganga inn á svæðið. Það er öllum í hag að ná einhverri mælingu eins snemma og hægt er og þar sem við teljum þetta raunhæft þá förum við í þetta með útgerðunum."

Niðurstöður loðnukönnunar sem lauk í síðustu viku sýndu austlægari útbreiðslu loðnu en síðustu ár á þessum árstíma. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Það er mikið í húfi. Við förum af stað með þær væntingar að mögulega séum við að ná yfir stofninn með mælingum.

Guðmundur Óskarsson, sviðsstjóri hjá Hafrannsóknastofnun

Loðnubrestur hefur orðið á síðustu vertíðum og hefur það valdið sveitarfélögum gríðarlegu tekjutapi. Útflutningsverðmæti loðnu árið 2018 var 18 milljarðar króna.

Leiðangurinn nú breytir ekki áður kynntum áformum Hafrannsóknastofnunar um stofnmælingar á loðnu í vetur. Rannsóknarskipið Árni Friðriksson á að fara í könnun í byrjun janúar. Í framhaldinu eru ráðgerðar tvær mælingar á stærð stofnsins frá 15. janúar til loka febrúar.

„Komi nógu há mæling út úr þessum leiðangri núna til að mæla með ráðgjöf þá verður það skoðað. Þessi leiðangur er þannig settur upp að hann geti gefið marktæka niðurstöðu ef vel til tekst," segir Guðmundur Óskarsson.

benediktboas@frettabladid.is

66°
NORÐUR
Jólagjöfin er
66°Norður
Verslaðu á 66north.is
Fylgdu okkur á Instagram @66north

Útsendingar Úvarps Sögu í volli eftir að sendir hvarf á Vaðlaheiði

FJÖLMIÐLAR Rúmir fjórir mánuðir eru liðnir frá því að FM-sendir Útvarps Sögu hvarf með dularfullum hætti úr Vaðlaheiði og rauf örbylgjuútsendingar stöðvarinnar á Norðurlandi.

Arnþrúður Karlsdóttir útvarpsstjóri segir hvarfið hafa haft mikil áhrif á rekstur Sögu og að norðlenskir hlustendur séu orðir langeygir eftir úrbótum. Stjórnendur stöðvarinnar hafi kært málið til lögreglu 25. júlí. Hún gerir athugasemdir við að rannsókn taki langan tíma.

„Þú átt ekki að geta tekið bíl af næsta manni, keyrt á honum í sex mánuði og lögreglan getur ekki gert neitt. Það er svolítið skrítin löggæsla," segir Arnþrúður.

Brotið verður að teljast óvenjulegt en Arnþrúður segist ekki vita hvað fólki gangi til með slíkum verknaði.

„Þetta er bara þjófnaður og stórfellt skemmdarverk. Það er líka spurning hvar áherslurnar liggja hjá lögregluyfirvöldum gagnvart brotum af þessu toga. Þjófnaðarbrot eru mjög alvarlegt mál og skemmdarverk eru mjög alvarlegt mál en hvar eru þau í forgangsröðuninni hjá lögreglunni?"

Sendirinn var í Vaðlaheiði rétt utan Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útvarpsstjórinn segir um dýran tækjabúnað að ræða. Kostnaður hlaupi á milljónum króna.

„Slíkan búnað þarf að panta að utan og þetta eru rosaleg útgjöld sem eru því samfara. COVID-19 faraldurinn er ekki til að auðvelda þetta þannig að við erum bara að verða fyrir gríðarlega miklum skaða. Við erum bara orðin langeyg eftir þessu og náttúrlega hlustendur mjög svo," segir Arnþrúður.

Samkvæmt lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu er rannsókn málsins nú lokið og fór það í vikunni til ákærusviðs lögreglunnar. **– eþá**

Bólusetningar í gang á nýju ári

COVID-19 Bólusetningar gegn COVID-19 hefjast líklega á fyrstu vikum næsta árs hér á landi. Þetta kom fram hjá Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra á Alþingi í gær.

Heilsugæslan mun sjá um bólusetningarnar sem verða gjaldfrjálsar.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Ráðherra sagði samninga við lyfjafyrirtækin BioNTech og Pfizer langt komna. Vonast sé til að ljúka samningum við Moderna fyrir jól.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði í gær að skynsamlegt væri að bíða eftir niðurstöðu sérfræðinga Lyfjastofnunar Evrópu til að tryggja að bóluefnið sé öruggt. **– ilk**

Tvö frumvörp á þingi um RÚV

STJÓRNMÁL Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, leggur fram frumvarp um breytingar á upplýsingaskyldu RÚV

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

í kjölfar athugasemda umboðsmanns Alþingis eftir að stjórn RÚV neitaði að opinbera umsækjendur um stöðu útvarpsstjóra.

Hópur þingmanna Sjálfstæðisflokksins leggur til að útvarpsgjald verði innheimt með beinum hætti í stað þess að innheimta það með öðrum opinberum gjöldum. **– ab**

Skagfirðingar safna liði vegna fjárkröfu frá Reykjavíkurborg

Í dag rennur út frestur vegna 8,7 milljarða kröfu Reykjavíkurborgar gagnvart ríkinu vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði. Sveitarstjórn Skagafjarðar hvetur sveitarfélög landsins til að mótmæla kröfunni en Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir hana beinast gegn ríkinu en ekki sjóðnum sem þurfi því ekki að laskast.

STJÓRNSÝSLA Byggðarráð Skagafjarðar lýsir yfir áhyggjum af 8,7 milljarða króna kröfu Reykjavíkurborgar vegna Jöfnunarsjóðs. Ef hún gangi eftir stórskaði það afkomu margra annarra sveitarfélaga. Ráðið hvetur aðrar sveitarstjórnir til þess að gefa sambærilegar yfirlýsingar.

„Við höfum verið að fá mjög góð viðbrögð við þessu erindi frá öðru sveitarstjórnarfólki," segir Stefán Vagn Stefánsson, forseti sveitarstjórnar Skagafjarðar.

Reykjavíkurborg telur ósanngjarnt að varðandi jöfnunarframlög vegna grunnskóla og nýbúafræðslu sé Reykjavík ein undanþegin. Verði krafan ekki greidd fyrir daginn í dag verði höfðað mál á hendur ríkinu.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir að ítrekað hafi verið óskað eftir viðræðum við ríkisstjórnina en við því hafi enn ekki verið orðið. „Málið mun vera hjá ríkislögmanni," segir Dagur.

Sigurður Ingi Jóhannsson, ráðherra sveitarstjórnarmála, hefur alfarið hafnað kröfu borgarinnar.

„Jöfnunarsjóðurinn skiptir okkur mjög miklu máli eins og mörg önnur fjölkjarna og víðfeðm sveitarfélög," segir Stefán. Skagafjörður fékk í fyrra rúman einn milljarð af þeim 50 sem greiddir voru úr sjóðnum.

„Ef Reykjavíkurborg fer með þetta mál áfram og vinnur það mun Jöfnunarsjóður þurfa að greiða þessa fjármuni," segir Stefán. „Þar með er verið að kippa rekstrargrunninum að verulegu leyti undan sjóðnum, og þar með þeim sveitarfélögum sem eru háð framlögum úr honum. Jöfnunarkerfið væri þá farið." Telji Reykjavíkurborg sig eiga inni hjá ríkinu ætti borgin að sækja það með öðrum hætti.

Skagfirðingar fá um milljarð króna á ári úr Jöfnunarsjóði og hafa áhyggjur af stöðu sjóðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri

Stefán segir Reykjavík í allt annarri stöðu en hin sveitarfélögin, með tilliti til uppbyggingar ríkisins.

„Ætli Reykjavík fái ekki meira í fasteignagjöld af Landspítalanum en Skagafjörður af öllum sínum fasteignum?" spyr Stefán. „Það hefur verið sátt um að Reykjavík sé miðstöð stjórnsýslunnar, listanna og íþróttanna. Ég veit ekki hversu mikið umburðarlyndi sveitarfélaganna í landinu verður gagnvart höfuðborginni ef keyrt verður á þetta mál og með svona mikilli hörku."

Dagur segir kröfur borgarinnar beinast gegn ríkinu en ekki Jöfnunarsjóði. Sjóðurinn laskist ekki nema einhver ákveði að hann eigi að bera greiðslurnar, sem væri þversagnarkennt.

„Í fyrri dómsmálum annarra sveitarfélaga hafa dómstólar beinlínis hafnað aðild Jöfnunarsjóðs vegna þess að ríkið er aðili að málinu," segir hann.

Bendir Dagur á að Reykjavík og Reykvíkingar leggi 11 milljarða króna árlega af útsvari inn í Jöfnunarsjóð. Það fé sé meðal annars nýtt til að niðurgreiða skólastarf og skatta í sveitarfélögum sem hafa lægri velferðarútgjöld, hærri tekjur og lægri skatthlutföll en borgin. Borgarstjórn finnist sérstakt að borgarbúar eigi að niðurgreiða það.

„Borgin er mjög sátt við að greiða í Jöfnunarsjóð," segir Dagur. „Það sem er ósanngjarnt er að ómálefnalegar reglur án lagastoðar útiloki það að borgin sé metin eftir sömu úthlutunarreglum og önnur sveitarfélög. Það eina sem verið er að óska eftir er að borgin sé metin á jafnræðisgrunni við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og um land allt."

kristinnhaukur@frettabladid.is

FJÖRUVERÐLAUNIN · BÓKMENNTAVERÐLAUN KVENNA Á ÍSLANDI ·

TILNEFNING

TIL HAMINGJU!

BARNA- OG UNGMENNABÆKUR

SJÁÐU
Áslaug Jónsdóttir



IÐUNN OG AFI PÖNK
Gerður Kristný

VAMPÍRUR, VESEN OG ANNAÐ TILFALLANDI
Rut Guðnadóttir

FAGURBÓKMENNTIR

APRÍLSÓLAR-KULDI
Elísabet Jökulsdóttir



UNDIR YGGDRASIL
Vilborg Davíðsdóttir

FRÆÐIRIT

ÞÆTTIR ÚR SÖGU LYFJAFRÆÐINNAR
Hilma Gunnarsdóttir

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga fram að jólum | **www.forlagid.is**

Skrifar foreldrum bréf um jólaferðalög erlendis

FERÐALÖG Jón Viðar Matthíasson, framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, segir í bréfi til foreldra skólabarna að þeir sem heimsæki ástvini erlendis þurfi að vera meðvitaðir um aðgerðir við landamærin er komið er heim á ný enda veiran í miklum vexti erlendis.

„Við hvetjum forsjáraðila til að halda börnum á leik- og grunnskólaaldri heima þann tíma sem sóttkví varir og beðið er eftir niðurstöðu úr seinni sýnatökunni," segir í bréfi Jóns. Með því að halda börnum heima sé verið að vernda skólastarf.

Jón Viðar Matthíasson

Fari fólk ekki í sýnatöku á landamærunum gildir fjórtán daga sóttkví og mælst er til þess að börnin séu í sóttkví ásamt forsjáraðilum.

Jón segir að komi upp smit í skólum hafi það mikil áhrif á skólastarf. Þá þurfi oft mörg börn og fjölskyldur þeirra að fara í sóttkví sem sé íþyngjandi aðgerð. **– bb**

Óljóst er hvort Vegagerðin sér áfram um Nýbýlaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANNA

Enn er ósamið um hvaða vegum Vegagerðin skilar

SAMGÖNGUMÁL Enn hefur ekki náðst samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um skil á vegum sem tilheyra ekki stofnvegakerfinu. Það er hvaða vegir þetta verða, hvernig ástandi Vegagerðin skili þeim í og hvaða fjármagn eigi að fylgja til að reka þá.

„Viðræðurnar eru enn í gangi en fresturinn er að renna frá okkur," segir Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

Málið á sér langan aðdraganda. Árið 2007 var lögum breytt þannig að sumir vegir yrðu sveitarfélagavegir, en það hefur ekki komið til framkvæmda. Var þessu mótmælt af hálfu sveitarfélaganna á sínum tíma því að kostnaðarmat lá ekki fyrir. Árið 2014 var gefinn frestur til ársloka 2019 til að klára viðræðurnar. Í fyrra var fresturinn framlengdur til næstkomandi áramóta.

„Það er ekki í hendi að sveitarfélögin hafi tekjustofna til að reka þessa vegi til framtíðar," segir Páll

> **Það er ekki í hendi að sveitarfélögin hafi tekjustofna til að reka þessa vegi til framtíðar.**
>
> Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH

en sveitarfélögin glíma við mikinn rekstrarhalla vegna faraldursins.

Enn liggi ástand veganna ekki fyrir en von er á skýrslu um það. Þá sé ekki enn komið á hreint nákvæmlega hvaða vegum verði skilað. Sem dæmi um þá vegi sem um ræðir má nefna Hallsveg í Grafarvogi, Strandgötuna í Hafnarfirði og hugsanlega Nýbýlaveginn í Kópavogi. Alls eru þetta í kringum 70 kílómetrar af vegum sem um ræðir, sumum mjög umferðarþungum og með mikinn viðhaldskostnað. **– khg**

MASTER® HITABLÁSARAR

Þessir einu sönnu gæða hitablásarar.

Bjóðum úrval alvöru hitablásara bæði fyrir gas og diesel/steinolíu.
Eigum líka hitastilla fyrir MASTER hitablásara.
Viðurkennd viðgerða- og varahlutaþjónusta.

ÞÓR HF

Reykjavík:	Akureyri:	Opnunartími:	Vefsíða og netverslun:
Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Baldursnes 8 603 Akureyri Sími 568-1555	Opið alla virka daga Lokað um helgar	www.thor.is



Neysla ferðamanna fyrir utan ferðaþjónustugreinar var tvö prósent af landsframleiðslu 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Víðtæk áhrif líkt og var í fjármálahruninu

Líkindi eru milli kórónukreppunnar og fjármálakreppunnar, að sögn hagfræðings Viðskiptaráðs. Hefur víðtæk áhrif sem ná til annarra atvinnugreina en ferðaþjónustu. Aðgerðir og úrræði þurfa að virka þvert á atvinnugreinar.

EFNAHAGSMÁL Kórónukreppan og fjármálakreppan eru ekki svo ólíkar ef tekið er tillit til þess hversu víðtæk áhrif á hagkerfið þær hafa haft. Þetta segir Konráð S. Guðjónsson, aðstoðarframkvæmdastjóri og hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands.

„Stundum er umræðan á þann veg að kórónukreppan sé einungis í ferðaþjónustu og örfáum afmörkuðum þjónustugreinum. Eins og stendur virðist samt sem kórónukreppan og fjármálakreppan hafi haft álíka slæm og víðtæk áhrif á umsvif annarra atvinnugreina en ferðaþjónustu og fjármálageirann. Svo virðist sem þessar atvinnugreinar gleymist því ástandið í ferðaþjónustu er svo einstaklega slæmt, það þýðir samt ekki að aðrar atvinnugreinar blómstri, þvert á móti í flestum tilvikum," segir Konráð.

Víðtæk áhrif kórónukreppunnar sjáist í tölum um fjölda starfandi. Fyrir utan starfsemi hins opinbera, hefur aðeins orðið fjölgun starfa í einni atvinnugrein, veitustarfsemi, sem gæti einnig flokkast með hinu opinbera í ljósi þess að veitufyrirtæki eru að mestu leyti í opinberri eigu.

Samdráttur starfa hefur verið mestur í ferðaþjónustu, um 12.440 störf, en aftur á móti hafa 9.457 störf glatast í öðrum atvinnugreinum, að hinu opinbera undanskildu. Konráð segir ýmsar ástæður fyrir því að áhrifa kreppunnar gæti víða. Nefnir hann minni eftirspurn eftir ýmsum útflutningi, víðtæk áhrif veirunnar á líf fólks og minni fjárfestingu vegna óvissu um framvinduna.

„Einnig skiptir máli að margar atvinnugreinar þjónusta ferðaþjónustuna og þá var neysla erlendra ferðamanna fyrir utan hefðbundnar ferðaþjónustugreinar metin á 61 milljarð króna árið 2019 sem er um tvö prósent af landsframleiðslu," bætir Konráð við.

Þrátt fyrir ólíkar orsakir og birtingarmyndir kórónukreppunnar og fjármálakreppunnar segir Konráð að áhrifin á hagkerfið séu að vissu leyti lík. Annars vegar er fjöldi atvinnugreina sem upplifa samdrátt ekki svo frábrugðinn – 40 nú en 48 þá – og hins vegar er algengt að samdrátturinn hafi verið meiri en 20 prósent í báðum tilfellum.

„Engu að síður eru að sumu leyti ólíkar atvinnugreinar sem upplifa nú samdrátt, en bæði þá og nú bitnar kreppan illa á meirihluta atvinnugreina."

Breyting á fjölda starfandi milli ára í sept. 2020



Þá bendir Konráð á að óverulegur munur sé enn á heildarsamdrætti þá og nú í öðrum greinum en ferða- og fjármálaþjónustu. Árstíðaleiðréttar veltutölur sýna um átta prósenta samdrátt að raunvirði í báðum tilfellum.

Víðtæk áhrif kreppunnar þýða að sértæk hagstjórnarviðbrögð, sem geta í sumum tilvikum verið skynsamleg, duga skammt ein og sér.

„Þegar horft er á staðreyndir málsins blasir við að myndin er mun flóknari en oft er dregin upp og þá erum við ekki einu sinni að horfa á fjölbreytt og margslungin áhrif innan hverrar atvinnugreinar," segir Konráð.

„Ef tryggja á að atvinnulífið nái sem kröftugastri viðspyrnu þegar bóluefni nær útbreiðslu þurfa aðgerðir og úrræði að virka þvert á atvinnugreinar."

Viðskiptaráð hefur nýlega fjallað um að kreppan og kjarasamningar leiði til þess að launakostnaður vaxi langt umfram verðmætasköpun.

„Þetta virðist ekki bara eiga við ferðaþjónustu, þó áhrifin séu mest áberandi þar, heldur þvert á atvinnugreinar. Í öllum tilfellum nema í áðurnefndri veitustarfsemi hafa laun vaxið meira en tekjur og í flestum tilfellum er munurinn allverulegur," segir Konráð.

Einungis eru til sambærileg gögn um veltu og laun frá því í júlí og ágúst þegar útbreiðsla veirunnar var lítil og sóttvarnaaðgerðir mun vægari. Það hefur breyst og mun strangari takmarkanir séu í gildi auk þess sem vísbendingar séu um frekari launahækkanir. Konráð segir að munurinn milli launa og veltu sé því vanmetinn ef eitthvað er.

„Eins mikið og við viljum að laun séu sem hæst er þessi þróun áhyggjuefni því aukin kostnaðarbyrði, hvort sem um er að ræða laun eða annað, dregur úr krafti fyrirtækja til að spyrna við fótum á næstu mánuðum. Þannig verður minna svigrúm til að ráða nýtt fólk, sem sannarlega er þörf á á tímum Íslandsmets í atvinnuleysi, og til að fjárfesta til framtíðar."

Konráð nefnir einnig að fyrir þá upphæð sem fór í launahækkanir hefði verið hægt að ráða og halda nærri 15 þúsund manns í vinnu, sem myndi fara nálægt því að útrýma atvinnuleysi.

thorsteinn@frettabladid.is

LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Vertu bara í öryggi og hlýju

Renndu við í lúguna og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn.

Erum við hlið Orkunnar við Vesturlandsveg.
Snertilausar afgreiðslur.

Glæsibær

Vesturlandsvegur

Urðarhvarf

APÓTEK LYFSALANS

LYFSALINN GLÆSIBÆ	**Opið 8.30 - 18.00**	**Sími 517 5500** / glaesibaer@lyfsalinn.is
LYFSALINN VESTURLANDSVEGI	**Opið 10.00 - 22.00**	Sími **516 5500** / vesturlandsvegur@lyfsalinn.is
LYFSALINN URÐARHVARFI	**Opið 8.30 - 18.00**	Sími **516 5505** / urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

Steinar Sigurðsson arkitekt hannaði smáhýsi fyrir heimilislausa í Gufunesi.

Smáhýsi byggjast á stefnu um virðingu og trú á fólki

REYKJAVÍK Starfsmenn framkvæmdadeildar Reykjavíkurborgar luku í vikunni uppsetningu á smáhýsum fyrir heimilislaust fólk í Gufunesi.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri greindi frá tímamótunum á samfélagsmiðlum og deildi myndum. Sagðist borgarstjórinn ekki oft tárast í vinnunni en að það hefði hann gert þegar hann sá myndir af hinum glæsilegu smáhýsum.

„Þetta húsnæði hefur verið uppnefnt „gámahúsnæði“ sem er rangnefni og hluti af neikvæðri umræðu sem oft kemur upp þegar verið er að auka og þétta þjónustu við einstaklinga sem teljast á jaðri samfélagsins,“ skrifaði Dagur.

Smáhýsin væru hluti af nýrri nálgun sem kallaðist „Húsnæði fyrst“ og fæli í sér að gera ekki stranga kröfu um edrúmennsku eða bata heldur tryggja húsnæði og aðstæður sem gerðu fólki í erfiðri stöðu kleift að ná bata.

„Stefnan byggir á virðingu og trú á fólki og hefur reynst vel,“ skrifaði Dagur.

Þá vakti borgastjóri enn fremur athygli á því að hönnuður húsanna, arkitektinn Steinar Sigurðsson, lifði ekki til að sjá þau rísa. Steinar féll frá í lok árs 2019, aðeins 62 ára. Hann stofnaði og rak Teikn arkitektaþjónustu til dauðadags.

Steinar var margverðlaunaður arkitekt og kom að hönnun fjölda þekktra bygginga hérlendis, meðal annars Ráðhúss Reykjavíkur. – **bþ**

Meðal þess sem á að umbylta er innritun barna í skóla. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tíu milljörðum varið í nútímavæðingu kerfis

Borgarstjórn hyggst verja tíu milljörðum króna á næstu þremur árum í að nútímavæða þjónustu borgarinnar, fara í tölvuátak í skólum og auka gagnsæi. Oddviti Pírata segir tölur dragast saman verði þær aðgengilegar almenningi.

REYKJAVÍK Borgarstjórn hyggst verja tíu milljörðum króna í að nútímavæða þjónustu, gera umfangsmikla uppfærslu á tækniinnviðum og setja á fót Gagnsjá Reykjavíkur. Um er að ræða fjárfestingu sem er hluti af viðspyrnu borgarinnar, Græna planinu, vegna COVID-19 faraldursins þar sem borgin mun fjárfesta fyrir um 100 milljónir króna á næstu þremur árum.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, segir að verkefnin hafi verið í undirbúningi frá upphafi kjörtímabilsins. Stefnt sé að því að Gagnsjáin verði komin í gagnið á næstu tveimur árum, mögulega verði frumútgáfa komin í loftið fyrir lok næsta árs.

Aðgerðaáætlun verður hrundið í framkvæmd við að nútímavæða þjónustu, svokallaðri stafrænni umbreytingu, allt frá því að vera með gagnvirkt yfirlit yfir leikskólapláss yfir í rafræn skil á teikningum til byggingarfulltrúa.

Síðan verður komið á Gagnsjá Reykjavíkur, sem ætlað er að stórauka gagnsæi í borginni, er það fjárfesting upp á rúmar 96 milljónir króna. Á þar að vera hægt að fylgjast með hvar mál eru í ferli ásamt fleiru.

Þá verður sett á fót lýðræðisgátt til að auðvelda borgarbúum að koma á framfæri athugasemdum og sjónarmiðum, fjárfesting upp á 60 milljónir. Ráðist verður í tölvuátak á öllum skólastigum og verður keyptur búnaður fyrir 700 milljónir króna á næstu þremur árum.

Stór kostnaðarliður snýr að sex þrounarteymum sem koma til með að halda utan um nútímavæðinguna auk stafrænna leiðtoga inni á öllum sviðum borgarinnar. Ekki liggur endanlega fyrir hvernig fyrirkomulagið verður en líklega verði um að ræða blöndu af aðkeyptri þjónustu og tímabundnum stöðum.

> **Sólarljósið breytir tröllum í stein, ég býst ekki við öðru en að þetta verði jákvæður hvati til aukinnar hagkvæmni en fyrst og fremst snýst þetta um lýðræðisleg vinnubrögð og traust.**

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata í Reykjavík

Sem dæmi um breytt viðmót nefnir Dóra Björt umsóknir í leikskóla, í stað þess að velja einn leikskóla og annan til vara á eyðublaði verður hægt að sjá gagnvirkt hvar pláss er að finna.

„Þetta er frekar gamaldags ferli í dag. Við viljum að fólk hafi fleiri valkosti og betri yfirsýn við innritun í leikskóla. Þetta er eitt dæmi af mjög mörgum þjónustuferlum sem við ætlum að nútímavæða,“ segir Dóra Björt. „Þetta snýst allt um það að ferlið sé á forsendum þarfa íbúans en ekki á forsendum þarfa og þvermóðsku kerfisins.“

Þá mun borgin taka í notkun nýtt upplýsingastjórnunarkerfi, Hlöðuna, og svokallað gagnavöruhús.

„Þetta er allt hluti af því að gera kerfið gagnsærra og auðvelda gagnaöflun. Það kom mér á óvart þegar ég kom inn í borgarstjórn árið 2018 hversu erfitt það var að nálgast upplýsingar. Það vantaði yfirsýn, leitarvélin á vefnum var léleg og það var ekki alltaf hægt að leita eftir orðum inni í viðhengjum fundargerða sem dæmi,“ segir hún.

„Borgin er stærsti vinnustaður landsins, í dag er verið að nota mörg mismunandi kerfi sem eru ekki tengd saman. Með gagnavöruhúsi safnast öll gögnin saman þannig að þau tengjast öðrum gögnum auðveldlega og á skilvirkan hátt svo það sé hægt að spyrja spurninga og fá svör hratt og örugglega. Í dag getur það tekið margar vikur og kostað jafnvel margar milljónir að afla ákveðinna gagna sem geta skipt sköpum fyrir upplýsta ákvörðun.“

Dóra Björt segir að meirihlutaflokkarnir fjórir séu samstíga í að vilja gagnsæi í stjórnkerfinu. „Það mun nýtast íbúunum, kjörnum fulltrúum og auka traust á stjórnkerfinu. Við höfum ekkert að fela.“

Nokkur mál hafa komið upp síðustu misseri þar sem ógagnsæi í stjórnkerfi borgarinnar hefur verið gagnrýnt. Má þar nefna braggaverkefnið þar sem farið var fram úr fjárheimildum og nú síðast reikninga fyrir áfengi á Vinnustofu Kjarvals á vegum embættismanna sem rötuðu ekki inn á borð innkauparáðs.

Dóra Björt segir að ekki sé sérstaklega verið að bregðast við neinu ákveðnu máli en það hafi sýnt sig að gagnsæi leiði til sparnaðar

„Við höfum séð það á Alþingi að um leið og einhverjar tölur verða aðgengilegar almenningi þá dragast þær verulega saman eins og aksturskostnaður þingmanna,“ segir hún.

„Sólarljósið breytir tröllum í stein, ég býst ekki við öðru en að þetta verði jákvæður hvati til til aukinnar hagkvæmni en fyrst og fremst snýst þetta um lýðræðisleg vinnubrögð og traust.“

arib@frettabladid.is

ENGIN JÓL ÁN BÓKA

Útkall á ögurstundu
Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa á hverju ári frá 1994 verið eitthvert vinsælasta lesefni Íslendinga og þær hafa verið gefnar út víða um heim. Í þessum hörkuspennandi bókum gleyma lesendur sér í frásögnum þar sem höfundurinn og söguhetjurnar sjálfar lýsa sönnum atburðum úr íslenskum raunveruleika.

4.549 kr.

Fávitar
Fávitar er samfélagsverkefni Sólborgar Guðbrandsdóttur gegn stafrænu og annars konar kynferðisofbeldi en það hófst á samnefndri Instagramsíðu árið 2016.

3.899 kr

Klettaborgin
Klettaborgin byggir á minningum Sólveigar Pálsdóttur frá ævsku og fram undir tvítugt og persónugalleríið er fjölbreytt. Hún skrifar um fólk og atburði, sem hafa haft áhrif á líf hennar, og lýsir horfnum heimi og annars konar lífsgildum en við þekkjum í dag.

4.759 kr.



Sumac
Sumac hefur verið einn vinsælasti veitingastaður landsins um árabil og nú lítur matreiðslubók staðarins dagsins ljós. Áhersla er lögð á ferskt og gott hráefni sem matreitt er undir áhrifum Mið-Austurlanda og Norður-Afríku.

6.799 kr.

Bráðum áðan
Líf Söruh hefur verið í uppnámi síðan hún missti mömmu sína. Fjölskyldan botnar ekkert í henni og hún á enga samleið með krökkunum í skólanum. Dag einn birtist svo Elsa frænka eftir áralanga fjarveru, bullandi um alkemíu, tímaflakk og skrímsli – íklædd málmhönskum!

3.794 kr.

Brásól Brella
Hvað myndir þú gera ef þú breyttir pabba þínum í puntsvín? Í alvöru?
Brella hélt að hún gæti ekki galdrað en þegar pabbi stendur skyndilega fyrir framan hana á fjórum fótum með beitta brodda er vitað mál að hún sé norn!

3.311 kr.

Brandarar og gátur 5
Troðfull bók af sprenghlægilegum bröndurum.

Grín, grín og meira grín!

1.379 kr.

Saga matarins frá steinöld til okkar tíma
Fróðleikur um mat og drykk allt frá því að fyrstu kokkarnir komu fram á sjónarsviðið. Sérstök áhersla er á íslenskan mat í gegnum aldirnar. Uppskriftir og ýmis afþreying.

3.794 kr.



Dísa ljósálfur
Ævintýrið um Dísu ljósálf í endurbættri útgáfu með 112 litmyndum.

2.414 kr.

Gildistími: 4.– 6. desember

Lúkas ljónheppni
Ljónsöskur Lúkasar óma um alla gresjuna. En þegar ljónið þarf á hjálp að halda er gott að eiga vin sem óttast ekki öskrið. Grrrr! Urrr! Krakkar munu kætast yfir þessari fyndnu bók.
Þau geta tekið þátt í sögustundinni með því að setja hönd inn í brúðuna.

1.724 kr.

JÓLAINNKAUPIN
hafa aldrei verið eins leikandi létt
Þú færð jólabækurnar á **netto.is**

Með því að nýta þér netverslun Nettó sparar þú þér tíma í jólaamstrinu. Nýttu tímann frekar í að lesa góða bók.

nettó
Lægra verð – léttari innkaup

Skammsýni

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Það er loksins ljós við enda ganganna. Með tilkomu bóluefnis, sem verður komið í útbreiðslu strax á nýju ári, skapast forsendur fyrir kröftugri viðspyrnu efnahagslífsins. Ekki veitir af en kórónukreppan, ásamt þeim hörðu sóttvarnaaðgerðum sem gripið var til, þýðir að ríkissjóður hefur orðið fyrir miklum tekjumissi samhliða gríðarlegu og varanlegu framleiðslutapi í hagkerfinu. Skuldsetning ríkisins, sem verður að fjármagna með lántökum, mun að líkindum aukast um liðlega þúsund milljarða á næstu fimm árum vegna fyrirséðs hallarekstur. Flestir héldu, meðal annars Seðlabankinn, að lífeyrissjóðirnir myndu gegna þar lykilhlutverki, sem hinir náttúrulegu kaupendur að þeim ríkisbréfum. Svo virðist hins vegar ekki vera og áhugi þeirra fram til þessa hefur verið af skornum skammti. Það er umhugsunarefni.

Seðlabankastjóri hefur, réttilega, viðrað áhyggjur sínar af því að sjóðirnir séu fjarverandi við fjármögnun ríkissjóðs. Hvað veldur? Ljóst er að lækkandi vaxtastig, sem dregur úr fjármögnunarkostnaði heimila og fyrirtækja og styður við efnahagsbata, skapar nýjar áskoranir fyrir lífeyrissjóði með 3,5 prósenta raunávöxtunarviðmið að leiðarljósi – samkvæmt lögum þurfa þeir að núvirða skuldbindingar sínar miðað við þá vexti umfram verðbólgu – við fjárfestingar sínar. Slíkt viðmið skapar vanda á tímum lágvaxtaumhverfis, sem er ólíklega að breytast, og veldur því meðal annars að þeir virðast fráhverfir kaupum á ríkisbréfum. Framkvæmdastjóri LSR, stærsta lífeyrissjóðsins, sagði þannig í samtali við Markaðinn í liðinni viku að sjóðurinn horfði meira til annarra fjárfestingarkosta vegna „þeirrar ávöxtunarkröfu sem gerð er til lífeyrissjóða og þess lágvaxtaumhverfis sem við búum við í dag“.

Hér er komin upp alvarleg staða. Lífeyrissjóðirnir eru umsvifamestu fjármagnseigendur landsins með um 300 milljarða til ráðstöfunar á ári. Þeir kjósa hins vegar, með vísan til uppgjörskröfu sem gerð er til þeirra, að ráðstafa ekki hluta af þeim fjármunum til að fjármagna ríkissjóð á erfiðum tímum – þótt raunvaxtamunur gagnvart bandarískum ríkisbréfum hafi ekki verið meiri í þrjú ár – þar sem slík fjárfesting skili lágri raunávöxtun. Ekki skal gert lítið úr áherslu lífeyrissjóðanna á að tryggja sjóðfélögum góða ávöxtun, sem hefur tekist afar vel síðustu ár, en þetta er skammsýn nálgun. Tilgangurinn með skuldsetningu ríkissjóðs, sem verður ekki útvistað til útlendinga heldur hlýtur að kalla á aðkomu stórra innlendra fjárfesta, er að styðja við hagkerfið í gegnum þessar hamfarir og þannig knýja fram hagvöxt síðar meir. Hagsmunir lífeyrissjóðanna, rétt eins og sjóðfélaga þeirra og allra Íslendinga, eru að hér takist sem best upp – og það mun aftur skila sér í jákvæðum áhrifum á aðrar fjárfestingaeignir þeirra.

Enginn efast um mikilvægi þess öfluga sjóðasöfnunarkerfis sem við höfum byggt upp. Við hljótum samt að spyrja okkur við þessar aðstæður hvort búið sé að koma á þannig fyrirkomulagi, þar sem almenningi er gert að ráðstafa öllum sínum sparnaði til lífeyrissjóðanna, sem þjónar ekki lengur heildarhagsmunum almennings best. Vitað hefur verið um langt skeið að núverandi uppgjörskrafa sjóðanna er úrelt og ummæli stjórnenda þeirra staðfesta að hún er að hafa bein og skaðleg áhrif við fjárfestingaákvarðarnir. Við því þurfa stjórnvöld að bregðast.

Hagsmunir lífeyrissjóðanna, rétt eins og sjóðsfélaga þeirra og allra Íslendinga, eru að hér takist sem best upp.

Halldór

Frá degi til dags

Jólunum frestað

Niðurtalning daga til jóla er ekki spennandi lengur. Jóladagatöl liggja óopnuð, jafnvel þau sem innihalda margvísleg hjálpartæki fyrir fullorðna. Niðurtalningin þar til bólusetningar hefjast er það sem allra augu beinast að. Það eru nýju jólin. En það er ekki samstaða um hvenær þau eiga að hefjast. Heilbrigðisráðuneytið segir strax eftir áramót. Þaulreyndi þáttargerðarmaðurinn Þórólfur vill halda spennunni. Það eykur áhorfið. Kannski í janúar, kannski í febrúar en alla vega ekki strax eftir áramót. Þetta setur framleiðendur nammijóladagatala í vanda. Einhverjir ætla að framleiða dagatöl með 60 dögum og láta þá stóra tannkremstúpu fylgja. Hvað ætla framleiðendur dagatala fyrir fullorðna að gera?

Veldisvöxtur

Fyrir þá sem voru í máladeild er eitt það orð sem mest hefur valdið vafa. Orðið veldisvöxtur. Hann er ýmist eða ekki í þróun faraldursins, en aðallega er ótti við að hann sé að verða. Nú hefur Brynjar Níelsson þingmaður talað um að rannsaka þurfi veldisvöxt í fjölgun öryrkja hér á landi. Máladeildarmenn eru margir efins um hvað þetta þýðir og hvaða veldi verið er að tala um. Allavega virðist ekki ástæða til að ætla að sé neitt sérstakt veldi á öryrkjum.

Vöxtur atvinnulífs og borgar fer saman

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
oddviti Viðreisnar í Reykjavík og formaður borgarráðs

Reykjavík setti sér markmið í upphafi COVID-faraldursins um að standa með fólkinu og fyrirtækjunum í borginni. Með fjárhagsáætlun fyrir næsta ár höldum við áfram á þeirri braut.

Í fyrsta sinn leggur borgin fram fjármálastefnu til 10 ára, fjárfestingarstefnu og sóknaráætlun undir heitinu Græna planið sem sýnir stór skref Reykjavíkur upp úr samdrætti og vaxandi atvinnuleysi.

Sóknaráætlunin sýnir að ekki verður brugðist við með stórfelldum niðurskurði eða hækkun skatta. Það verður hagrætt í rekstri og fjárfestingar eiga að leiða til sparnaðar til framtíðar. Líkt og Viðreisn lofaði í kosningabaráttunni 2018, munu fasteignagjöld á atvinnuhúsnæði lækka á komandi ári.

Við lækkum álögur á fyrirtæki í Reykjavík til að bregðast við erfiðu ástandi þeirra. Borgin verður af tæplega hálfum milljarði í tekjum vegna þessa, á sama tíma og bregðast þarf við miklu tekjufalli og auknum útgjöldum vegna atvinnuleysis. En einmitt vegna vaxandi atvinnuleysis þurfa borgin og atvinnulífið að standa saman að því að fjölga atvinnutækifærum fyrir borgarbúa. Vöxtur atvinnulífsins og borgarinnar fer saman.

Fulltrúum atvinnulífsins var nýlega boðið á fund borgarráðs til að ræða hvernig við getum gengið í takt að þessu markmiði. Í næstu viku hef ég svo boðið fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar til að við getum öll gengið í takt.

Ég hef heyrt ákall um bætt samskipti Reykjavíkur og atvinnulífs, um hraðari afgreiðslu erinda og minna flækjustig. Við undirbúum nú að stofna formlegan samstarfsvettvang við atvinnulífið. Stór skref verða tekin í stafrænni þróun til að auka skilvirkni og einfalda aðgengi.

Líkt og með þjónustu sem við veitum íbúum viljum við veita fyrirtækjum skjóta skilvirka og hnökralausa þjónustu. Við viljum eiga í góðu og gagnvirku samtali við atvinnulífið og tryggja að til borgarinnar komi öflug fyrirtæki. Nú sem aldrei fyrr en mikilvægt að borgin og atvinnulífið vinni saman.

Líkt og með þjónustu sem við veitum íbúum viljum við veita fyrirtækjum skjóta skilvirka og hnökralausa þjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Búningapartí samfélagsmiðlanna

Í DAG

Árni Helgason

Síminn minn sendir mér reglulega stutta samantekt um hve miklum tíma ég eyði í honum, hvernig notkunin hafi þróast milli vikna og í hvaða forritum ég er helst. Þarna eru allar tölur í sömu áttina, veldisvöxtur eins og þrieykið myndi orða það og að mestu utan sóttkvíar.

Forritaraherinn í Silíkon-dalnum les mig eins og opna bók og veit að til þess að eiga athygli mína þarf fyrst og fremst að halda mér við efnið, senda mér reglulega rauðmerkta tilkynningu og vekja hjá mér óljósa von að einhverjum finnist ég sniðugur. Þá kippist ég við og er mættur án tafar eins og hlýðinn hundur inn á viðkomandi samfélagsmiðil.

Viðvera á samfélagsmiðlum er stöðug þeysireið. Það er ýtt að notandanum tilkynningum, skilaboðum og alls konar speki um lífið og tilveruna sem ætlast er til að maður tileinki sér. Eins og þetta sé ekki nógu lýjandi allt saman þá þurfum við líka að klæða okkur í viðeigandi búning fyrir hvern miðil. Í einum flipanum erum við einlæg og tilfinningasöm, í öðrum hnyttin og gagnrýnin og í þeim þriðja erum við að horfa á stóru myndina og róa á dýpið. Svolítið eins og að eiga marga ólíka vinahópa, hver með sínum talsmáta, menningu og gildum sem maður tekur upp og gerir að sínum í hvert sinn sem hópurinn hittist.

Álímdur mæk á kinn

Um daginn setti ég inn fyrstu færsluna mína á LinkedIn sem er fyrst og fremst hugsaður til að tengja fólk í atvinnulífinu. Andrúmsloftið er svolítið eftir því. Þarna fyrst og fremst vandað efni úr viðskiptalífinu, fólk deilir skýrslum og glærukynningum um nýjar áherslur í umhverfis- eða mannauðsmálum og hvað það sé stolt að tilheyra teyminu sínu. Þetta eru draumastarfsmenn hvers fyrirtækis og ekkert pláss fyrir hauginn sem mætir seint og illa greiddur og getur ekki beðið eftir því að klára daginn.

LinkedIn-sjálfið er mætt eldsnemma í Hörpu á morgunverðarfund atvinnulífsins og stígur jafnvel á stokk með álímdan hljóðnema á kinninni til að tala um eitthvað mikilvægt. Eftir að hafa straumlínulagað og nútímavætt allan liðlangan daginn eru það utanvegahlaup eða hjólatúr um Jaðarinn, nema hvort tveggja sé, á meðan er kannski hlustað á nýjasta hlaðvarpið frá Bill Gates. Mögulega vínglas um kvöldið og þá gott rauðvín og horft á heimildarmynd um brýn úrlausnarefni heimsins.

Vegferð og sjálfsvinna

Fyrir Instagram þarf svo að klæða sig í allt annan búning. Þar snýst allt um myndmálið og að vinna í sjálfum sér. Instagram-sjálfið deilir sjálfsmyndum, gjarnan horfandi hugsi út í tómið, helst ber að ofan og með fylgir gríðarþungur texti um persónulega vegferð. „Tvö ár í dag“ er algeng opnun. Getur markað ýmiss konar tímamót. Stundum eru tvö ár frá því að viðkomandi ákvað að fara að standa með sjálfum sér, aðhyllast ketó-lífsstílinn eða byrja að kæla. Með fylgir spakmæli og viska, styrkurinn kemur að innan og það trúir enginn á þig ef þú gerir það ekki sjálfur. Þarna er líka lögheimili áhrifavaldanna, sem inn á milli vörukynninga minna okkur á að lífið er alls konar þótt yfirgnæfandi meirihluti þeirra sé reyndar barnlaust fólk á þrítugsaldri sem er í alveg þrusu formi og vippar fram verðlaunaeldhúsi á þriðjudegi.

Kaldhæðið samfélagsgrín

Mótefni við allri þessari fölskvalausu einlægni er svo Twitter, þar sem allir eru kaldhæðnir, klárir og betri en næsti maður. Ef einhver tvítar um að hann borði ekki kjöt, þá er sá næsti alfarið vegan. Ef einhver kaupir rafbíl, er sá næsti alveg hættur að nota bíla og gengur bara. Og ef einhver ætlar að lýsa yfir stuðningi við málstað þá segir sá næsti honum að þegja, hann hafi ekki raunverulegan skilning á baráttunni.

Facebook er húsfélagsfundur

Allt byrjaði þetta samt á Facebook og þar erum við öll líka ennþá. Sá miðill hefur hins vegar orðið að hálfgerðri ruslakistu, þar ægir öllu saman; týndur köttur eða minningarorð um fallinn ættingja, „þessi gerir alla daga betri“ frumsýning á nýjum lífsförunautum, frænkur að setja inn myndaalbúm þar sem maður sér þrjár fyrstu myndirnar og getur ýtt á hinar 88 myndirnar líka. Þarna eru líka allir prívat-hópar nir og spjallþræðirnir sem munu alveg örugglega ekki þola mikla skoðun þegar stóri gagnalekinn kemur. Að ógleymdum íbúagrúppunum, þar sem fólk tilkynnir um dularfullar mannaferðir á milli rifrilda um pólitíska ábyrgð vegna ómálaðs grindverks. Á Facebook er maður einhvern veginn enginn sérstakur, svolítið eins og að mæta á stóran húsfund. Vont að sleppa því að mæta samt því maður gæti misst af einhverju.

Við erum einhvern veginn allt í senn; frumkvöðlar og atvinnulífsfólk, kakódrekkandi tilfinningaverur í stöðugri sjálfsbætingu og slökun, kaldhæðnir samfélagsrýnar og úthverfaíbúar sem höfum auga með týndum gæludýrum. Ég hef ekki enn skráð mig á TikTok en ef ég myndi slá til væri örugglega stutt í að ég væri farinn að rykkja líkamanum til eins og unglingur í óljósum danshreyfingum.

Vikulega skýrslan frá símanum minnir okkur svo á það mikilvægasta, að eyða ekki of miklum tíma við skjáinn.

TIL STARFSFÓLKS Í ÖLLU SKÓLA- OG FRÍSTUNDASTARFI BARNA

Við þessar óvenjulegu aðstæður í samfélaginu stöndum við saman um að hafa að leiðarljósi það sem er börnum fyrir bestu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja þakka ykkur fyrir að standa vaktina fyrir börn á Íslandi

Staða barna og aðstæður eru mismunandi og gegna skólar og frístundastarf lykilhlutverki í að tryggja stöðugleika og stuðning við börn.

Vellíðan, öryggi og farsæld barna er á ábyrgð okkar allra og mikilvægt er að líf þeirra sé sem eðlilegast. Sú handleiðsla sem þið veitið börnum í námi og leik er dýrmæt.

Barnaheill

Vatnajökulsþjóðgarður – sóknarfæri á landsbyggðinni

Magnús Guðmundsson
framkvæmdastjóri Vatnajökulsþjóðgarðs

Nýlega hafa samningar Vatnajökulsþjóðgarðs við ferðaþjónustufyrirtæki sem bjóða upp á íshellaferðir og jöklagöngur verið til umfjöllunar í fjölmiðlum. Um er að ræða þróunarverkefni sem tengist innleiðingu á atvinnustefnu þjóðgarðsins.

Vatnajökulsþjóðgarður er tólf ára gömul stofnun í stöðugri þróun. Þar sem starfa um 35 manns á heilsársgrundvelli, langflestir á starfsstöðvum á landsbyggðinni. Að sumarlagi bætast við um 70 starfsmenn sem sinna landvörslu, fræðslu og öðrum tilfallandi verkefnum. Þjóðgarðurinn nær til Vatnajökuls og stórra svæða í nágrenni hans, þar á meðal þjóðgarðanna sem fyrir voru í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum. Sumarið 2019 var stigið mikilvægt skref í þróun þjóðgarðsins þegar hann var samþykktur á heimsminjaskrá UNESCO sem staðfestir að hann er einstakur á heimsvísu.

Vatnajökulsþjóðgarði hefur frá upphafi verið ætlað að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni hans, m.a. með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðanna. Til að stunda atvinnutengda starfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði þarf samning eða leyfi á forsendum sem finna má í lögum og reglugerð um þjóðgarðinn, stjórnunar- og verndaráætlun hans og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum t.d. um náttúruvernd, öryggi, starfsleyfi, ferðamál og vinnumarkaðsmál.

Til þess að skýra leikreglur vegna atvinnutengdrar starfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði samþykkti stjórn hans sérstaka atvinnustefnu í júní 2019. Stefnan útfærir leiðarljós um náttúruvernd og sjálfbærni, samvinnu, virðingu og gæði. Auk þess setti umhverfis- og auðlindaráðuneytið reglugerð um atvinnutengda starfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði í mars 2020. Í reglugerðinni er atvinnutengd starfsemi skilgreind sem „þjónusta sem aðrir en þjóðgarðurinn bjóða gegn þóknun innan marka þjóðgarðsins“. Hefðbundin landnýting og starfsemi henni tengd telst ekki atvinnutengdrar starfsemi s.s. búfjárbeit, fuglaveiði, hreindýraveiði, veiði í ám og vötnum og nýting rekaviðar. Í reglugerðinni er atvinnutengdri starfsemi skipt í tvennt með eftirfarandi hætti:

a) Starfsemi sem er þess eðlis að ekki er þörf á að setja sérstakar takmarkanir varðandi umfang eða fjölda rekstraraðila sem sinna sambærilegri starfsemi innan þjóðgarðsins eða einstakra svæða hans.
b) Starfsemi sem er þess eðlis að þörf er á að takmarka umfang eða fjölda þeirra rekstraraðila sem sinna sambærilegri starfsemi innan þjóðgarðsins eða tiltekinna svæða hans.

Í flestum tilfellum geta gestir og ferðaþjónustufyrirtæki heimsótt Vatnajökulsþjóðgarðs án takmarkana. Í nokkrum tilvikum er þó mikilvægt að skilgreina fjölda gesta eða fjölda fyrirtækja á hverjum tíma. Dæmi um þetta er t.d. heimsóknir í íshella í skriðjöklum þar sem takmarkað pláss er fyrir gesti og þar sem gæta þarf sérstaklega að öryggi þeirra í hættulegum aðstæðum.

Eftir samtal og samráð starfsfólks Vatnajökulsþjóðgarðs við fulltrúa fyrirtækja sem stunda íshellaferðir og jöklagöngur með ferðamenn á suðursvæði var ákveðið á fyrri hluta árs 2020 að hefja þróunarverkefni við gerð samninga um þessar ferðir. Það var mat Vatnajökulsþjóðgarðs að nauðsynlegt væri að takmarka fjölda gesta í íshellaferðir á þessu svæði. Auglýst var eftir umsóknum á Breiðamerkurjökli, Falljökli/Virkisjökli, Skeiðarárjökli og Skálafellsjökli. Í auglýsingunni var tilgreindur hámarksfjöldi gesta á hverju svæði sem samningar yrðu gerðir um. Alls bárust umsóknir frá tuttugu og sjö fyrirtækjum á þeim fimm svæðum sem auglýst voru.

Öll fyrirtækin töldust uppfylla skilyrði og fengu þau jákvætt svar um gerð samnings við þjóðgarðinn. Umsóknir um fjölda gesta á þremur svæðum voru samanlagt umfram þann hámarksfjölda sem tilgreindur var í auglýsingu. Því var ljóst að fyrirtæki gætu ekki fengið úthlutað þeim fjölda gesta sem sótt var um. Ákveðið var að fara þá leið að beita hlutfallslegri skerðingu á fjölda gesta miðað við þann fjölda sem sótt var um. Við framkvæmd úthlutunar var byggt á sjónarmiðum sem fram koma í lögum um Vatnajökulsþjóðgarð, reglugerð þjóðgarðsins og atvinnustefnu hans. Hlutfallsleg skerðing var meiri eftir því sem sótt var um heimild fyrir fleiri gestum.

Vatnajökulsþjóðgarði hefur frá upphafi verið ætlað að styrkja byggð og atvinnustarfsemi í nágrenni hans, meðal annars með því að hvetja til sjálfbærrar nýtingar gæða svæðanna.

Framangreint verkefni við að takmarka fjölda ferðamanna í Vatnajökulsþjóðgarði er þróunarverkefni og hefur þegar orðið til mikilvæg reynsla og þekking sem ekki var fyrir hendi áður en verkefnið hófst. Á þessari reynslu og samtali við ferðaþjónustufyrirtækin verður haldið áfram að þróa aðferðir þar sem meginmarkmiðið er sjálfbær uppbygging atvinnustarfsemi í þjóðgarðsins í sátt við samfélagið og náttúruna. Lykillinn að því að það gangi vel er samvinna og þekking og að nálgast verkefnið í hæfilega stórum skrefum.

Verður veiran búin um jól?

Diljá Mist Einarsdóttir
aðstoðarmaður utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra

Um þessar mundir spyr sjö ára sonur minn mig stöðugt alls kyns spurninga. Sumar þeirra eru mjög krefjandi. Hvaðan koma öll dýrin? Af hverju tölum við íslensku? Hvort ykkar pabba bjó mig meira til? Eftir að ég sýndi honum hvernig hægt er að spyrja internetið ýmissa spurninga; hvernig hægt er að gúgla, kemst ég ekki upp með að ekki svara. Mamma: gúglaðu bara! Ein af spurningum helgarinnar var hvort veiran yrði búin um jólin. Ég gat að vísu ekki beinlínis gúglað svarið við spurningunni um hvenær þetta yrði allt að baki, en við mæðginin áttum gott spjall um ástandið sem hvílir þungt á öllum aldurshópum.

Það er mikilvægt að við eigum skoðanaskipti um ástandið og lausnir á því. Síðastliðnir mánuðir hafa verið mikill prófsteinn á okkur sem samfélag en líka á okkur sem manneskjur í samfélagi við aðra. Það er nauðsynlegt að ræða borgaraleg réttindi og frelsi einstaklingsins, mögulega meira nú en nokkru sinni fyrr. Þessi réttindi eru afrakstur aldalangrar baráttu borgara sem sumir hverjir greiddu fyrir þau með lífi sínu. Við tökum þessum réttindum orðið sem sjálfsögðum en þau eiga víðs vegar undir högg að sækja, jafnvel í nágrannaríkjum okkar. Þeir sem hafa haldið hér uppi málefnalegri umræðu varðandi lögmæti aðgerða og ábyrgð stjórnvalda eiga því hrós skilið. Það ættu fleiri en sjö ára börn að spyrja hér spurninga.

Að mörgu leyti erum við enn óupplýst hvað faraldurinn varðar. Við vitum þó fyrir víst að ein dýpsta efnahagslægð í heila öld gengur nú yfir og við stöndum frammi fyrir breytingum sem munu hafa víðtæk áhrif á samfélagið okkar. Við þær aðstæður er gott að hafa við stjórnvölinn fólk sem leggur áherslu á frjálst framtak, atvinnufrelsi, fríverslun og frelsi einstaklingsins. Öll heimsbyggðin glímir við faraldurinn á einn eða annan hátt, en aðstæðurnar eru æði misjafnar. Íslenska ríkið býr að því að hér hafa fjármál ríkisins verið byggð á traustum grunni. Enda hefur Sjálfstæðisflokkurinn haldið vel um taumana í fjármálaráðuneytinu síðastliðin ár og beitt sér fyrir stórfelldri lækkun skulda ríkissjóðs. Við þurfum ekki að leita langt yfir skammt til að sjá dæmi hér innanlands um hið gagnstæða. Vinstri meirihlutinn í Reykjavíkurborg hefur safnað skuldum í borginni í meira en aldarfjórðung. Skatttekjur borgarinnar hafa vaxið, en bara ekki jafn mikið og vonað var. Það skapar neyðarástand í ráðhúsinu og ákall um ríkisaðstoð!

Leiðin út úr kreppunni verður best rötuð með sjálfstæðisfólk í fararbroddi. Sjálfstæðisfólk sem talar fyrir nauðsyn verðmætasköpunar í einkageiranum og fyrir fjölbreyttu atvinnulífi. Sjálfstæðisfólk sem eflir nýsköpun og skilur að hún er nauðsynleg til þess að halda hér áfram uppi samkeppnishæfu samfélagi. Sjálfstæðisfólk sem skilur að frjáls alþjóðleg viðskipti eru undirstaða hagsældar á Íslandi og leggur því áherslu á mikilvægi þess að styðja við íslenskan útflutning á sama tíma og það talar fyrir alþjóðlegri samvinnu, mannréttindum og lýðræði, ekki síst í baráttunni gegn heimsfaraldri.

Þegar drengurinn minn verður nógu gamall til þess að meta atburði líðandi stundar mun hann án nokkurs vafa spyrja alls kyns erfiðra spurninga. Það kemur jú í hlut yngri kynslóða að greiða þær skuldir sem koma okkur nú í gegnum erfiða tíma.

Hvert verður svarið? Að fórnir þeirra í okkar þágu hafi verið þess virði að færa þær? Margir telja sig vita svarið – og það fyrir þeirra hönd.

Árbæjarlón

Bjarni Bjarnason
forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Elliðaárstöðin, sem er meðal merkilegustu mannvirkja okkar, bæði frá sjónarhóli tæknisögu og byggingarlistar, var vígð árið 1921. Stöðin er um 3 MW að stærð. Hún markaði upphaf rafvæðingar í Reykjavík og breytti niðdimmri nótt í nýtan dag ef svo mætti segja. Íbúar í vaxandi höfuðborg gátu nú lokað hlóðaeldhúsum, reykmettuðum og heilsuspillandi kytrum, og eldað matinn á rafhellu við rafljós.

Allt hefur sinn tíma. Rafmagnsþörfin í höfuðborginni óx hröðum skrefum og árið 1937 hóf Ljósafossstöð rekstur, svo Írafossstöð og loks Steingrímsstöð, en allar eru þær í Soginu, sem fellur úr Þingvallavatni. Við þetta dró verulega úr mikilvægi Elliðaárstöðvar. Elliðaárstöð var rekin til ársins 2014. Þá féll aðrennslispípa virkjunarinnar saman, en pípan flutti vatn úr inntakslóni að baki Árbæjarstíflu, niður í aflvélar stöðvarinnar. Reynt var að gera við pípuna en það tókst ekki. Árið 2014 var efnahagur Orkuveitu Reykjavíkur þröngur eftir hrunið en horft var til þess að endurræsa Elliðaárstöð þegar fjárhagurinn batnaði. Haustið 2019 lá endanleg áætlun um endurræsingu fyrir. Kostnaður var metinn um einn milljarður króna og að tap yrði á rekstri stöðvarinnar til frambúðar. Því var fallið þá frá þeirri hugmynd að endurræsa stöðina.

Ljóst er að Elliðaárstöð hefur lokið hlutverki sínu. Hverjar eru skyldur orkufyrirtækis við þær aðstæður að vatnsaflsvirkjun hefur verið aflögð? Í mínum huga eru þær ljósar. Eiganda Elliðaárvirkjunar ber að þakka fyrir 100 ára nytjar Elliðaánna, taka til eftir sig og skila dalnum eins nálægt því ástandi sem hann var í fyrir virkjun og kostur er. Árbæjarstíflan, fallpípan frá stíflu niður í Elliðaárstöð og svo stöðin sjálf eru allt friðuð mannvirki og því má hvorki hrófla við þeim né gera á þeim breytingar nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Lón að baki Árbæjarstíflu

Árbæjarlón var svo kallað inntakslón fyrir Elliðaárstöð og þjónaði þeim tilgangi að halda vatnshæð stöðugri og tryggja lágmarksmiðlun vatns til að svara álagi vélanna í stöðinni hverju sinni.

Tilgangur lónsins er nú horfinn. Orkuveitan telur að henni sé ekki heimilt að trufla náttúrulegt rennsli Elliðaánna nú þegar rekstur Elliðaárstöðvar hefur verið lagður af enda eru heimildir í starfsleyfi, lögum og reglugerðum sem um rekstur stöðvarinnar fjalla bundnar því að stöðin sé í rekstri.

Að safna upp vatni ofan við manngerða stíflu veldur hættu fyrir íbúa, sérstaklega að vetri þegar lónið leggur og fyrir fólk, náttúru og eignir neðan stíflunnar allt árið. Elliðaárdalurinn er eitt vinsælasta útivistarsvæði borgarinnar og að jafnaði er þar fjöldi fólks. Bresti stíflan skyndilega getur það valdið miklu flóði í dalnum neðan hennar. Elsti hluti stíflunnar er frá árinu 1921 en verulegar endurbætur voru gerðar á henni í kjölfar mikilla flóða í Elliðaánum árið 1968. Nýleg könnun á öryggi Árbæjarstíflu sýnir að hún sé tiltölulega traust.

Margvísleg náttúrufræðileg rök styðja að hætt sé að trufla rennsli Elliðaánna, nú þegar rekstur Elliðaárstöðvar hefur verið lagður af og þörf fyrir lónið vegna rafmagnsvinnslu er ekki lengur fyrir hendi. Hafrannsóknastofnun hefur lagt það til við OR um árabil að Árbæjarlónið verði tæmt endanlega og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur segir orðrétt í minnisblaði sínu 9. nóvember í ár: „Þar sem ekki er þörf fyrir stífluna þegar rafmagnsframleiðslu er hætt er það því liður í að færa árnar aftur til upprunalegs horfs að hætta að takmarka rennsli þeirra með stíflumannvirki.“

Að safna upp vatni ofan við manngerða stíflu veldur hættu fyrir íbúa, sérstaklega að vetri þegar lónið leggur og fyrir fólk, náttúru og eignir neðan stíflunnar allt árið.

Fyrir þau sem vilja kynna sér þennan þátt málsins betur vísa ég í nýlega grein á vef Hafrannsóknarstofnunar: https://www.hafogvatn.is/is/midlun/frettir-og-tilkynningar/arbaejarlonid-og-lifrikid

Orkuveita Reykjavíkur gerir sér grein fyrir því að um tæmingu lónsins eru deildar meiningar enda má gera ráð fyrir því að flestu fólki sem býr á bökkum þess og útivistarfólki almennt sé mikil eftirsjá í því.

Stýrihópur með fulltrúum íbúa í Árbæ og Breiðholti, Reykjavíkurborgar og OR hefur nú verið settur á laggirnar. Hópurinn hefur það hlutverk að leggja fram tillögur um hvernig best sé að skila dalnum nú þegar lónið hefur verið tæmt og vinnslu rafmagns hætt.

Metnaður Orkuveitu Reykjavíkur stendur til þess að ganga vel frá í dalnum og þakka fyrir 100 ára nytjar ánna. Við munum því vinna af áhuga með stýrihópnum og bíðum spennt eftir tillögum hans. Hópnum er gert að skila af sér fyrir lok maímánaðar 2021.

ILVA

Sparaðu
25-40%
AF ÖLLUM LJÓSUM
3.-21. DESEMBER

Sparaðu
25% AF PERUM

Sparaðu
30% AF JÓLAVÖRUM
3.-6. DESEMBER

NÚ 11.246
SPARAÐU 3.748

PARIS BORÐLAMPI
Mattur opal skermur, svartur standur.
Ø10 x H40 cm.
14.995 kr. **NÚ 11.246 kr.**



NÚ 17.497
SPARAÐU 7.499

RAY LOFTLJÓS. Svart. Ø60 cm.
24.995 kr. **NÚ 17.497 kr.**

NÚ 18.746
SPARAÐU 6.249

TOWNSHEND LOFTLJÓS.
Svart. L100 cm. Perur seldar sér.
24.995 kr. **NÚ 18.746 kr.**

NÚ 8.246
SPARAÐU 2.749

CIRCLE BORÐLAMPI. Gylltur. Pera fylgir
H40 cm. 10.995 kr. **NÚ 8.246 kr.**

NÚ 9.746
SPARAÐU 3.249

NÚ 14.996
SPARAÐU 4.999

SPIN LOFTLJÓS Grátt.
Ø45 x 30 cm. 19.995 kr.
NÚ 14.996 kr.

SPIN LOFTLJÓS Hvítt. Ø30 x 30 cm.
12.995 kr. **NÚ 9.746 kr.**

NÚ 14.996
SPARAÐU 4.999

VENUS LOFTLJÓS Svart. Ø50 cm.
19.995 kr. **NÚ 14.996 kr.**

NÚ 14.996
SPARAÐU 4.999

STRAP VEGGLJÓS. Svart.
19.995 kr. **NÚ 14.996 kr.**

ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

netgíró
VALITOR

FACEBOOK.COM/ILVAISLAND
INSTAGRAM .COM/ILVAISLAND

Hamlet

Hágæða belgískt súkkulaði

Konfekt í álkössum 500 g

Verð frá **2.599** kr/stk

Súkkulaði, cappucino, appelsínu, kampavíns og kakó trufflur

Verð frá **399** kr/pk

Cupido konfekt fyllt með koníak, gin og viskí

479 kr/pk

Jólafígúrur úr súkkulaði

Verð frá **899** kr/pk

Súkkulaðiflögur með karamellu, dökku súkkulaði og appelsínu

479 kr/pk

MOON veitingar jólasörur 25 stk*

4.890 kr/pk

20% afsláttur

Ferskar pizzur tilbúnar beint í ofninn í 8 mínútur á 220°C

verð frá **1.439** kr/stk

Verð áður frá 1.799 kr/stk

Prima Donna Hollenskur gæða ostur

verð frá **899** kr/stk

Gjafakort HAGKAUP

Gjöf sem gleður

Tilboð gilda út 6. desember

*Ekki til í Spöng og á Akureyri

Tilbúin

WELLINGTON NAUTALUND

Wellington
Frystivara

6.199 kr/kg

Kjúklingalæri með legg

879 kr/kg
Verð áður 1.099 kr/kg

Lambakóróna

5.099 kr/kg
Verð áður 5.999 kr/kg

Kjúklingalundir

2.166 kr/kg
Verð áður 2.549 kr/kg

HAGKAUP

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

4. DESEMBER 2020 FÖSTUDAGUR

Merkisatburðir

1954 Kvikmyndin Salka Valka, eftir sögu Halldórs Laxness, er frumsýnd í Nýja bíói og Austurbæjarbíói í Reykjavík.

1965 Fyrsti íþróttaleikurinn fer fram í íþróttahöllinni í Laugardal sem þó er ekki búið að vígja.

1971 Veitingahúsið Glaumbær, einn vinsælasti skemmtistaður í Reykjavík í áratug, gjöreyðileggst í eldsvoða.

1981 Stytta af heilagri Barböru er afhjúpuð á messudegi hennar í kapellunni í Kapelluhrauni við Straumsvík.

1993 Ingólfstorg í miðborg Reykjavíkur er vígt.



†

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir og tengdafaðir,
Jóhannes Jónsson
flugvirki og flugvélstjóri,
Garðabæ,

lést 25. nóvember sl.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Líknardeildina,
Heru heimaþjónustu eða önnur líknarfélög.

Ingigerður Sigurðardóttir
Guðmundur Ingi Jóhannesson **María Aðalsteinsdóttir**

Elskulegur bróðir okkar,
Þórarinn Oddsson

lést 15. nóvember sl.

Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Alda Vala Ásdísardóttir
Sigurborg Oddsdóttir
Ólafur Oddsson

†

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Sigurbjörg Kristjánsdóttir

lést í faðmi fjölskyldunnar
föstudaginn 27. nóvember.
Útförin fer fram mánudaginn
7. desember kl. 15.00.
Vegna fjöldatakmarkana munu einungis nánustu
aðstandendur vera viðstaddir athöfnina. Athöfninni
verður streymt á youtu.be/ixQ2eB9mOyE

Anton Magnússon **Svanhildur Karlsdóttir**
Jónas Magnússon **Chingmei Yang**
Kristján Magnússon
Rut Magnúsdóttir **Gísli Kr. Björnsson**
Ingvar Magnússon **Kristín Hrönn Gunnarsdóttir**
og barnabörn.

†

Ástkær og yndisleg móðir okkar,
amma, dóttir, fósturdóttir,
systir og mágkona,
Ásta Marta Róbertsdóttir

er látin.
Útför hennar verður auglýst síðar.
Við útför verða blóm og kransar afþökkuð.
Í kvöld verður bein útsending á RÚV til styrktar SÁÁ.
Það er einlæg ósk aðstandenda að þeir sem vilja minnast
Ástu leggi framlag til söfnunarinnar í hennar nafni.

Guðlaugur Victor Pálsson **Natalia Ellen Hahn**
Kristjana Marta Marteinsdóttir
Axel Aron Victorsson
Kristjana Guðjónsdóttir **Guðlaugur Stefánsson**
Róbert Scobie **Helena Óskarsdóttir**
Eva Hrund Guðlaugsdóttir **Hafsteinn Þór Einarsson**
Guðjón Ingi Guðlaugsson **Kristjana Jóhannsdóttir**
Ómar Örn Helenuson
Lydia Grace Scobie
Christopher Steven Scobie

Jón heldur spilamennskunni við heima hjá sér á Laugarvatni sem hann segir vera „lögheimili lognsins!“. MYND/HILDUR INGA

Enginn alveg án jólasöngs

Jón Bjarnason, organisti í Skálholti, stjórnar tveimur kirkjukórum í tíu kirkjum og leikur undir hjá fleiri kórum í venjulegu árferði. En nú er allt með öðrum hætti.

Hefðbundið kórastarf liggur alveg niðri en við höfum verið að senda út hugvekjur og orgelleik, bara prestur og organisti. Í kór Miðdalskirkju er meðalaldur frekar hár og ég hef ekki hitt hann síðan í vor. Það er allt pínu öðru vísi en það á að vera,“ segir Jón Bjarnason, organisti í Skálholti, þegar forvitnast er um líf hans í aðdraganda jóla 2020.

Jón er organisti í tíu kirkjum, hann kveðst stefna á að taka upp jólasálma í hverri þeirra fyrir sig, einhvern daginn í desember. „Við verðum fáein sem rúntum á milli og sendum efnið svo út um jólin í gegnum fésbók og Youtube. Fólkið getur ekki verið alveg án jólasöngs,“ segir hann og heldur áfram: „Við reynum að hafa mismunandi sálma milli kirkna þó alls staðar verði auðvitað sungið Heims um ból, það má ekki vanta.“

Venjulega hefur Jón verið á þeytingi á jólum undanfarin ár milli kirknanna tíu að sinna helgihaldi með kórunum og annaðhvort sóknarprestinum Agli Hallgrímssyni eða vígslubiskupnum sem nú er Kristján Björnsson. „Svo hafa kirkjurnar sjálfar og kirkjugestirnir skapað tilbreytinguna,“ segir Jón og getur þess að sum guðshúsin á svæðinu séu lítil, til dæmis í Haukadal. „Þar er pínulítil kirkja inni í skógi, gríðarlega falleg,“ segir hann. „Það þýðir ekkert að ætla að vera með messu núna í húsi sem er rúmir tveir metrar á breidd.“

> **Það þýðir ekkert að ætla að vera með messu núna í húsi sem er rúmir tveir metrar á breidd.**

Hittust í messu á Bessastöðum

Jón er Skagfirðingur en kona hans, Bergþóra Ragnarsdóttir, Hornfirðingur. Hann bendir á að þau búi nú miðja vegu milli sinna gömlu heimahaga. Aðspurður upplýsir hann að þau hafi hist fyrst í 1. desember messu á Bessastöðum á vegum Guðfræðideildar HÍ þar sem hún var í námi og hann spilaði, þá nemandi í Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Nú syngur hún í Skálholtskórnum hjá honum.

Þau hjón búa á Laugarvatni, ásamt dótturinni Hildi Ingu, átta ára. Jón segir svæðið vera smitfrítt af veirunni og þau vel í sveit sett, enda sé hann með nokkra nemendur í píanóleik í grunnskólanum á staðnum og Tónlistarskóla Árnesinga, auk þess að æfa nú helgileik með grunnskólabörnum. „Við fluttum hingað fyrir ári, fundum hér húsnæði sem við gátum keypt og þessi rólegheit í starfinu hafa komið sér vel að því leyti að við erum búin að mála og parkettleggja,“ viðurkennir hann. „Veðrið í haust hefur verið yndislegt og vatnið sérlega fallegt að undanförnu, þegar sólaruppásin hefur glampað á því. Það var 1. í skíðum hjá grunnskólabörnunum í fyrradag, við fórum á gönguskíði. Svo er hér lögheimili lognsins!“

Aðventukvöld í Skálholti

Aftur að helgihaldinu fram undan. „Við stefnum að því að vera með aðventukvöld í Skálholtskirkju þriðja sunnudag í aðventu og það verður í beinni,“ lýsir Jón. „Þá verð ég með nokkra félaga úr kórnum. Þannig að við höldum okkar striki þó að það sé snúið. Einu get ég lofað: jólin koma þrátt fyrir allt.“

gun@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 4. DESEMBER 1980

Led Zeppelin leggur upp laupana

Tilkynning barst frá hljómsveitinni Led Zeppelin þennan mánaðardag árið 1980 um að sveitin væri hætt. Trommarinn, John Bonham, hafði látist í svefni 25. september sama ár, eftir að hafa neytt óheyrilegs magns af áfengi. Sveitin var skipuð þeim Jimmy Page, Robert Plant, John Paul Jones og John Bonham og naut gríðarlegra vinsælda á starfstíma sínum. Að ýmissa dómi hafði hún jafnmikil áhrif á tónlistarheiminn á áttunda áratugnum og Bítlarnir höfðu áratuginn á undan. Viðfræg lög úr smiðju hennar eru til dæmis Stairway to Heaven og Dazed and Confused. Á seinni hluta starfstímans dró þó nokkuð úr drifkrafti Led Zeppelin, sérstaklega eftir að einn úr hópnum, Robert Plant, meiddist í bílslysi og missti ungan son sinn skömmu síðar. Það var þó dauði Bonhams sem gerði endanlega út af við sveitina.

FÓLK
FÖSTUDAGUR 4. DESEMBER 2020

Íslenskt
láttu það ganga

Elenora Rós Georgesdóttir er 19 ára bakaranemi. Þrátt fyrir ungan aldur er hún búin að gefa út bók sem ber nafnið Bakað með Elenoru Rós. •→6

Leifur Dam Leifsson og Guðmundur Gunnlaugsson í GG Sport segja viðskiptavini himinlifandi með nýju skíðadeildina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við vorum einfaldlega bara að svara kallinu

Verslunin GG Sport opnaði nýverið sérstaka skíðadeild þar sem boðið er upp á vandaðar vörur frá K2, einum virtasta skíðaframleiðanda í heimi. Deildin hefur hlotið frábærar viðtökur og ljóst er að skíðaáhugi landsmanna fer stöðugt vaxandi. •→2

Framhald af forsíðu

Við vorum að opna skíðadeild og erum búnir að ná brandinu K2 sem er búið að vera eitt af aðalmerkjunum í skíðabransanum í fjölda ára," segir Leifur Dam, annar stofnandi og eigandi GG Sport.

„Við höfum verið þekkt sem útivistarbúð í mjög langan tíma og þetta hefur vantar dálítið lengi. Kúnnarnir okkar eru búnir að biðja lengi um þetta og við erum líka svo lukkuleg með þetta að um leið og okkur gafst tækifæri á að taka að okkur K2 þá slógum við til."

Viðtökurnar við nýjustu viðbótinni hafa verið framar öllum vonum. „Við höfum fengið alveg hreint ótrúlegar viðtökur, sérstaklega í fjallaskíðunum, en það er sport sem er búið að vera í þvílíkum uppgangi. Þetta hentar svo vel, eins og staðan er núna þá snúast fjallaskíðin aðallega um það að þú einfaldlega gengur upp fjallið á skíðunum og rennir þér niður."

Dýrmæt reynsla innanborðs

„Það eru ákveðin atriði sem gera okkur sérstök en sem dæmi má nefna að við bjóðum upp á sömu eða sambærileg verð á skíðunum og eru úti. Við leggjum sérstaka áherslu á fjalla- og gönguskíði, en gefum hins vegar ekkert eftir í svigskíðunum. Við vorum líka svo heppin að fá hann Guðmund til okkar en hann er með áratugalanga reynslu í bransanum," segir Leifur og á þar við Guðmund Gunnlaugsson sem hefur þjálfað og stundað skíðamennsku, sölu og þjónustu um árabil.

„Ég hef verið að kenna og þjálfa allt í kringum landið í 21 ár og stunda sjálfur mikið fjallaskíði, gönguskíði og svigskíði. En ég ætla ekki að prófa snjóbrettið," segir Guðmundur. „Ég sé um það," segir Leifur og hlær.

Guðmundur segir mikinn feng í K2 sem sé ekki einungis mikilsvirt vörumerki en fyrirtækið hefur löngum látið gott af sér leiða. „K2 fór að styrkja Bleiku slaufuna í Bandaríkjunum og frá árinu 2002 hafa þeir látið um 140 milljónir renna til framtaksins. Til þess að styrkja málefnið enn frekar ákváðu þeir að hafa bleiku slaufuna á allri kvenlínunni, svigskíðum, skóm, snjóbrettum og öllu," skýrir hann frá.

„Þetta er svona eitt af því sem okkur fannst svolítið flott þegar við vorum að innleiða merkið. Í hvert skipti sem við seljum kvenvöru hérna þá fer viss prósenta til Bleiku slaufunnar og hún er á öllum kvenvörunum hérna inni," bætir Leifur við.

Fjölskyldu- og hjónasport

Leifur segir þau hafa orðið vör við verulega aukningu á skíðaáhuga meðal landsmanna. „Það er greinilega mikil vakning og þetta er eitthvað sem fólk er að bíða eftir. Gönguskíðahópar spretta upp eins og gorkúlur og það er nokkuð ljóst að fjalla- og gönguskíði eiga eftir að verða gríðarlega fyrirferðarmikil í vetur."

Guðmundur segir áberandi hvað skíðamennskan einkennist af mikilli samveru. „Þetta er dálítið fjölskyldu- og hjónasport. Hingað kemur mikið af hjónum sem koma í leit að samveru, ungt fólk í ævintýraleit og svo fá börnin og barnabörnin að njóta sín á brettum og barnaskíðum. Þannig að við erum með alla flóruna, þetta teygir anga sína alveg frá krökkunum og upp í elliheimilin, við erum með allan skalann. Lykillinn að þessu er bara samvera, frelsi og upplifun."

Það ríki mikil eftirvænting og áhugi meðal viðskiptavina og starfsfólks GG Sport. „Þetta er það sem kúnnarnir eru búnir að vera að biðja um hjá okkur. Við stórtuðum deildinni okkar fyrir tæpum tveimur vikum og spáum því að skíðadeildin verði jafnvinsæl og kajakdeildin okkar er búin að vera síðastliðin tólf ár. Það er búið að vera alveg snælduvitlaust. Við tókum inn stóra sendingu og hún er búin. Næsta sending er að koma og hún er að verða búin og við erum aftur að leggja inn pöntun," segir Leifur.

„Svo verðum við auðvitað með fulla þjónustu á þessu öllu saman, slípum skíði, víkkum skó og lögum þá til því það á engum að líða illa í skóm í dag," bætir Guðmundur við.

Vörurnar frá K2 þykja einstaklega vandaðar og eru fullkomnar fyrir íslenska náttúru. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Hingað kemur mikið af hjónum sem koma í leit að samveru, ungt fólk í ævintýraleit og svo fá börnin og barnabörnin að njóta sín á brettum og barnaskíðum.
>
> **Guðmundur Gunnlaugsson**

Bleiku slaufuna er að finna á öllum kvenvörum frá K2 en fyrirtækið hefur styrkt málefnið um árabil með miklum fjármunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GG Sport býður upp á mikið úrval skíða frá K2 fyrir alla aldurshópa.

> Þetta á eftir að verða sportið í vetur. Fólk er bara frjálst ferða sinna, getur í rauninni bara sett skíðin í skottið og brunað út á land.
>
> **Leifur Dam Leifsson**

Gríðarleg upplifun og frelsi

Leifur segir skíðin ekki síst tilvalin á tímum sem þessum. „Ef við gefum okkur að það verði eitthvað takmarkað aðgengi í lyftur þá erum við svolítið að veðja á fjallaskíðin af því að þú getur einfaldlega valið þér brekku eða fjall sem þú vilt „skinna" upp, það kallast að „skinna" upp þegar þú labbar upp á skíðunum, og svo rennt þér niður. Þetta á eftir að verða sportið í vetur. Fólk er bara frjálst ferða sinna, getur í rauninni bara sett skíðin í skottið og brunað út á land."

Guðmundur tekur undir. „Þetta er í rauninni bara gríðarleg upplifun og mikið frelsi sem felst í því að vera á bæði á göngu- og fjallaskíðum. Þú velur þér stað og stund og svo nýturðu náttúrunnar. Þegar þú ert kominn upp þá bara rífurðu skinnið undan, festir hælinn niður og færð þá að verðlaunum frelsi og hamingju. Þó þú hafir labbað upp þá geturðu bara brunað niður aftur," segir hann.

„Það má líka bæta við að það er líka enn mikil sala á gönguskíðunum, það er líka sport þar sem þarf ekki lyftur. Þau skiptast í tvennt, það eru þessi svokölluðu stálkantaskíði eða utanbrautarskíði sem hægt er að labba á í villtri náttúru og svo brautarskíði sem eru í braut."

Ótal valmöguleikar

Þá sé Ísland sérstaklega góður vettvangur fyrir skíðin. „Það er náttúrulega alveg einstaklega gaman og margir möguleikar á fjallaskíðum á Íslandi. Sérstaðan er að sjálfsögðu jöklarnir sem við getum bætt við þegar vorar en þá fer maður á Snæfellsjökul og Eyjafjallajökul, og svo auðvitað í Kerlingarfjöll alveg út júní þannig að þetta er langt tímabil sem um ræðir," útskýrir Guðmundur.

„Síðan er auðvitað Tröllaskaginn en hann er þekktur fyrir fjallaskíðin og það eru margir sem fara þangað, bæði kaupa sér þjónustu í þyrlum eða labba upp. En svo fer maður auðvitað ekki eftir mitt sumarið út af sprunguhættum og öllu sem því fylgir, þá fer maður á öruggari staði."

Viðskiptavinum GG Sport stendur þá til boða ýmis þjónusta og fræðsla. „Það er gaman að segja frá því að með hverjum seldum fjallaskíðum hjá okkur fylgir tilsögn með fjallaskíðahópnum „Njóta eða þjóta". Eins og með kajakana þá ætlum við að fylgja fólki alla leið þannig að við séum ekki að skilja fólk eftir í lausu lofti þegar það kaupir vörur hjá okkur, við ætlum að gefa því veganesti inn í veturinn með skíðunum," segir Leifur.

„Kúnnahópurinn hérna í GG Sport er svo þakklátur fyrir það að deildin sé að stækka, bæði varðandi þjónustu og úrval. Það er alveg ótrúlega gaman að afgreiða viðskiptavinina. Þarna er kominn nýr valkostur fyrir fólk sem hefur verið í göngum og kajökum og öllu því og vantar annað sport," segir Guðmundur.

„Við vorum einfaldlega bara að svara kallinu," segir Leifur.

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.


FYRIR FJÖLSKYLDUNA
SÖFNUNARÞÁTTUR
Á RÚV Í KVÖLD
KL. 19.40
vodafone

Kærastinn gaf barnabókina Hlunk

Arndís Þórarinsdóttir er spennt fyrir komandi bókajólum en hún gaf út þrjár bækur í ár. Arndís hefur gaman af að gefa bækur og fá bækur í jólagjöf er gjafirnar hitta þó ekki alltaf í mark.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Rithöfundurinn Arndís Þórarinsdóttir varð skúffuð þegar menntaskólakærastinn gaf henni barnabókina Hlunk í jólagjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Arndís er alltaf þakklát fyrir jólin. „Þau eru svo kærkomin í myrkrinu og kuldanum – það væri hreinlega ómögulegt að komast í gegnum veturinn án þeirra! Þau eru líka svo nátengd tilfinningunum – á jólunum magnast allt upp. Gleðin yfir samvistum við þá sem maður er með, söknuður eftir þeim sem eru ekki á staðnum, eftirvænting og upplifanir. Við erum upptekin af því hvað við borðum, af hverju við finnum lykt og tónlistinni í eyrunum. Það er gott að fara stundum inn í árstíma þar sem allir eru svolítið mjúkir og viðkvæmir. Svo er ég fædd 21. desember, svo ég – eins og annað fólk sem á afmæli í desember – upplifi það pínulítið að þetta sé alveg sérstaklega minn tími," segir hún.

Arndísi finnst mikilvægt að fá dálítinn bunka af bókum á jólunum. „Ég fæ iðulega líka bækur í afmælisgjöf og er svo lánsöm að eiga enn í farsælu sambandi við Gluggagægi sem færir mér alltaf nýja bók í skóinn á afmælinu! Svo ég er yfirleitt vel haldin yfir jóladagana. Ég er samt farin að kaupa mér talsvert af nýjum íslenskum bókum fyrir jól. Mér finnst gaman að byrja að lesa bækurnar að hausti, svo maður sé með í umræðunni þegar bækurnar eru nýútkomnar. En suma titla sigta ég út í Bókatíðindum og spara mér – það eru bækur sem ég vil setja á óskalistann minn og lesa undir sæng í jólanáttfötunum."

Minnast aldrei á skandalinn

Eftirminnilegustu bækur sem Arndís hefur fengið í jólagjöf er heildarsafn leikverka Ibsens en á unglingsárum fékk hún Ibsen á heilann.

„Safnið var algjörlega uppselt en foreldrar mínir höfðu samband við þýðandann, skáldið Einar Braga, og fengu hjá honum eintak. Það var góð gjöf – bæði áttu þeir Ibsen og Einar Bragi stórleik í textanum en líka var hlýjan sem fylgdi þessari fyrirhöfn foreldranna dýrmæt," segir Arndís sem hefur líka fengið og gefið bækur í jólagjöf sem hittu ekki alveg í mark.

„Einu sinni varð ég fyrir því óláni að gefa bestu vinkonu minni, gríðarlega vel lesinni og greindri konu, Da Vinci lykilinn eftir Dan Brown í jólagjöf. Þá var bókin nýútkomin á ensku, og ég keypti hana innbundna handa henni af því ég hélt að þetta væri ægilega lært rit, safaríkt og fullt af táknfræði. Ég hafði heyrt óminn af fjaðrafokinu sem varð yfir bókinni í útlöndum og hélt að ég væri að færa henni næsta Umberto Eco. Dan Brown reyndist ekki vera næsti Umberto Eco og við vinkona mín höfum aldrei minnst á þennan smáskandal aftur," segir Arndís og rifjar upp annað klúður í bókagjöfum frá því hún var 18 ára.

„Þá hafði ég mikið vandað mig að velja eitthvað fallegt handa menntaskólakærastanum og varð heldur skúffuð þegar ég opnaði gjöfina frá honum á aðfangadag og það reyndist vera ný íslensk barnabók – tröllasagan Hlunkur eftir Brian Pilkington. HLUNKUR! Unglingurinn með alla útlitskomplexana átti svolítið erfitt með að finna djúpu gleðina yfir þessari gjöf. En þetta kom ekki alvarlega að sök á endanum og nú lesum við bókina um Hlunk fyrir börnin okkar tvö," segir Arndís og hlær.

Múmínálfar á óskalistanum

Arndís gaf sjálf út þrjár bækur á þessu ári sem eflaust eiga eftir að rata í jólapakkana hjá einhverjum.

„Ég var að gefa út bókina Nærbuxnavélmennið, sem er þriðja bókin sem gerist í nærbuxnaverksmiðjunni í Brókarenda. Þetta eru ærslasögur sem fjalla líka um vináttu, hugrekki og heilindi og mér þykir mjög vænt um. Það hefur verið gaman að fylgja þessum persónum, Gutta og Ólínu, síðustu ár. Það er eitthvað við nærbuxur sem fær alla til þess að flissa – þótt þær séu það hversdagslegasta í veröldinni. Og mér finnst gaman að fjalla um samskipti í bland við allt nærbuxnagrínið! Fyrr í ár gaf ég út ljóðabókina Innræti og í maí gáfum við Hulda Sigrún Bjarnadóttir út barnabókina Blokkina á heimsenda, svo þetta eru óvenjulega drjúg bókajól hjá mér í ár. Einmitt þetta undarlega ár þegar maður hittir enga lesendur í flóðinu."

Á óskalistanum hjá Arndísi í ár er stórbókin um Múmínálfana sem hún vonar að Gluggagægir færi henni á afmælisdaginn. Hún segist líka spennt fyrir því að lesa Eldana, ástina og aðrar hamfarir eftir Sigríði Hagalín. Svo bendir hún á að margar spennandi ljóðabækur séu nýútkomnar. „Sonur grafarans eftir Brynjólf Þorsteinsson er til dæmis forvitnileg."

Jólaviðburðir Skógræktarfélagsins

Skógræktarfélag Reykjavíkur stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum í aðdraganda jóla þar sem notaleg jólastemning og upplifun utanhúss eru í forgrunni. Í ár bætist við jólatrésala á Lækjartorgi.

Heiðmörk fagnar 70 ára afmæli sínu í ár. Nú á aðventunni verða ekki aðeins haldnir hinir árvissu og vinsælu viðburðir, Jólamarkaður í Heiðmörk og Jólaskógur á Hólmsheiði, heldur verður í fyrsta sinn jólatrésala með íslenskum jólatrjám úr Heiðmörk á Lækjartorgi sem setja mun jólalegan og skemmtilegan blæ á miðborgina.

Jólamarkaður í Heiðmörk

Jólamarkaðurinn við Elliðavatnsbæ í Heiðmörk er haldinn allar aðventuhelgar af Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Þá verður einnig jólatrésala við bæinn Elliðavatn alla virka daga frá 13 til 17 á milli aðventuhelga.

Áhersla á upplifun utandyra

Vegna COVID-19 verður jólamarkaðurinn með breyttu sniði og meiri áhersla á upplifun utandyra. Gestir Jólamarkaðarins eru hvattir til að klæða sig vel og nýta það einstaka útivistarsvæði sem Heiðmörk er. Út frá Elliðavatnsbænum er fjöldinn allur af gönguleiðum sem sjá má á korti á heidmork.is. Auk þess verður ævintýraleg stemning í Rjóðrinu þar sem varðeldur mun loga á meðan markaðurinn er opinn. Á þessu ári hefur fjöldi gesta í Heiðmörk aukist verulega og er fagnaðarefni að höfuðborgarbúar sæki þangað næringu fyrir líkama og sál.

Jólatrésala – sjálfbær og vistvæn

Megnið af jólatrjánum sem seld eru í ár, koma úr Heiðmörk. Á þeim 70 árum sem liðin eru frá stofnun Heiðmerkur, hefur þar ekki einungis orðið til einstakt útivistarsvæði heldur einnig nytjaskógur. Öll trén á markaðnum eru íslensk og því mun vistvænni en innflutt tré. Kolefnisspor þeirra er margfalt minna en innfluttra trjáa og án skordýraeiturs. Auk jólatrjáa er boðið upp á hin vinsælu tröpputré, greinabúnt og eldivið.

Það er ævintýri á aðventunni og ómissandi hluti af undirbúningi jólanna hjá mörgum að njóta vetrarríkis náttúrunnar og leita hins eina sanna jólatrés.

Skógræktarfélagið fagnar fjölbreytileikanum og hefur um árabil boðið upp á Einstök jólatré. Það eru tré með mikla sérstöðu og koma í alls konar stærðum, gerðum, formum og tegundum. Það er alltaf mikil stemning að finna einstöku trén fyrir markaðinn og spennandi að sjá hvaða gersemar finnast í skóginum. Margir koma sérstaklega fyrir einstöku trén og skemmta sér við að velja, oft og tíðum mjög skúlptúrísk tré.

Jólamarkaðstré

Á hverju ári býður Skógræktarfélagið myndlistarmanni eða hönnuði að skreyta jólamarkaðstréð. Í ár fögnum við því að hönnuðurinn Hanna Whitehead skreytir tréð. Hanna er einn fremsti hönnuður landsins og þekkt fyrir einstaka fagur- og formfræði. Fyrir torgtréð sérhannaði hún jólaskraut og afhjúpaði afraksturinn á opnun markaðarins.

Handverksmarkaður

Á handverksmarkaðnum er hægt að finna einstakar jólagjafir unnar af handverksfólki og listamönnum. Hraundís skógarbóndi verður með ilmkjarnaolíur sem hún vinnur úr skóginum sínum í Borgarfirði, einstakar handgerðar smíðavörur verða einnig á markaðnum og margt fleira.

Til að tryggja að farið sé að fjöldatakmörkunum og fjarlægðarmörkum á handverksmarkaði, verður handverksfólki fækkað og einstefna í gegnum rýmið.

Hefð er fyrir því að listamenn skreyti stórt og fagurt jólatré á torginu við jólamarkaðinn við Elliðavatnsbæ í Heiðmörk. Í ár á hönnuðurinn Hanna Whitehead veg og vanda af skreytingu trésins með sínu sérhannaða og gullfallega jólaskrauti.

50 ný tré eru gróðursett fyrir hvert jólatré í Heiðmörk og á Hólmsheiði.

Jólaskógurinn á Hólmsheiði

Í Jólaskóginum er hægt að höggva eigið jólatré og alltaf mikil og ævintýraleg stemmning. Gestir fá sagir og fara svo í leiðangur um skóginn að leita að sínu tréi. Allar sagir verða sótthreinsaðar á milli gesta og gætt verður vel að öllum sóttvörnum. Einnig hvetjum við gesti til að taka með sér sagir.

Jólatrésala á Lækjartorgi

Skógræktarfélagið, í samstarfi við Reykjavíkurborg, mun nú einnig verða með jólatrésölu á Lækjartorgi, frá 17. til 23. desember. Með því verður aðgengi að trjánum aukið enn frekar og skapast notaleg stemning í gróðurhúsinu á Lækjartorgi. Boðið verður upp á jólatré, tröpputré og greinabúnt.

Allar nánari upplýsingar og kort af jólaskógi má finna á heidmork.is

*Verslunin Curvy * Fellsmúli 26 v/Grensásveg, 108 Reykjavík * sími 581-1552 * www.curvy.is*

Jólabarnið og ástríðubakarinn

Elenora Rós Georgesdóttir er 19 ára gömul en verður tvítug 23. desember. Hún er bakaranemi og starfar hjá Bláa lóninu við bakstur. Þrátt fyrir ungan aldur er Elenora Rós búin að gefa út bók.

Matarást Sjafnar

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is

Elenora Rós hefur mikla og einlæga ástríðu fyrir bakstri. „Ég hef elskað að baka frá því að ég man eftir mér og hef fengið að blómstra á þessu sviði," segir Elenora Rós og er afar þakklát fyrir þær viðtökur sem hún hefur fengið.

„Mamma bakaði ávallt mikið í kringum jólin þegar ég var barn svo ég þekki ekki annað en að baka mikið fyrir jólin. Það voru alltaf margar sortir bakaðar þar á meðal sörur, smákökur, mömmukökur, lakkrístoppar, piparkökur, ávallt gerður heimatilbúinn ís og svo var stundum gert laufabrauð.

Svo var náttúrulega alltaf nóg að gera í bakaríinu þar sem þar eru nokkrar sortir af smákökum bakaðar og yfirleitt einhvað nýtt hátíðlegt bakkelsi bætt í búðarborðið yfir jólin sem er svo ótrúlega skemmtilegt. Um jólin er brjálað að gera í bakaríunum og skemmtileg stemning sem fylgir því. Bakariin búa til lagtertur, smákökur, rúllutertur og sum bakarí gera alls kyns nýjungar eins og ný vínarbrauð eða nýja snúða. Það er því nóg að baka um jólin og þegar ég hugsa um jólin hugsa ég alltaf fyrst um bakstur, samveru, seríurnar og huggulegu stemningarnar sem myndast."

Allar jólauppskriftirnar eiga sér sögu

Elenora Rós átti erfitt með að gera upp á milli nokkurra af uppáhalds jólauppskriftunum sínum svo hún bakaði allt það sem henni þykir best og ljóstraði upp sögunum bak við hverja uppskrift.

„Ég elska jólastafi og það var uppáhalds nammið mitt sem krakki. Ár hvert hef ég leikið mér að því að þróa að minnsta kosti eina uppskrift sem inniheldur svona jólastaf. Þessi er mín allra uppáhalds, hún er stökk að utan og dúnmjúk að innan og alveg svakalega góð. Þetta er uppskrift sem heppnaðist strax í fyrstu tilraun og er mjög auðveld líka," segir Elenora Rós um jólasúkkulaðibitakökurnar sínar.

„Jólakakan mín á sér á sér mjög skemmtilega sögu. Ég fór eitt sinn að hitta bestu vinkonu mína og kærasta hennar. Þau eru bæði frábærir og skemmtilegir persónuleikar og það er í alvörunni svo skemmtilegt að gefa þeim bakkelsi og fá hugmyndir frá þeim. Kærasti hennar elskar appelsínusúkkulaði.

Mér finnst appelsínusúkkulaði einkenna jólin mjög sterklega og einnig Baileys því það er oft boðið upp á Baileys á jólunum heima hjá mér. Mér fannst því frábær hugmynd að blanda þessu saman. Ég ákvað því að slá til og ég get svo sannarlega staðfest að þetta er besta fylling í köku sem ég hef á ævinni gert og ég er í skýjunum með útkomuna."

Þegar Elenora Rós hugsar um jólin kemur fyrst upp í hugann bakstur, samveru, seríurnar og huggulega stemningin sem myndast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fallegir og bragðgóðir piparkökusnúðar

Svo eru það piparkökusnúðarnir fallegu sem fanga augað. „Ég sá þessa fyrst í Brauð & Co þegar ég var að vinna þar. Þeir eru gerðir árlega þar og jólin hjá mér byrja eiginlega ekki fyrr en þessir hafa verið gerðir. Þeir eru svo góðir og jólalegir og hlýja manni svo um hjartarætur. Þeir eru orðnir að hefð hjá mér og mér finnst einstaklega gaman að búa þá til. Þetta er mín útgáfa af þessum snúðum en hér er ég á nota uppáhalds snúðadeigið mitt sem ég bjó til fyrir bókina mína. Þessir eru ekki bara fallegir heldur alveg ótrúlega bragðgóðir."

Tilhugsunin um jólin yljar

Mikið er haft fyrir jólunum á heimili Elenoru Rósar og allir taka þátt í að skreyta og undirbúa.

„Mamma á marga, marga, kassa af jólaskreytingum og þær fara strax upp í byrjun desember. Húsið verður eins og jólahús og er skreytt hátt og lágt. Við höldum í alls kyns hefðir eins og að amma býr ávallt til frómasinn sinn, ég og bróðir minn verðum alltaf að horfa á A Christmas Carol og fleira. Jólin eru stórhátíð heima hjá mér og það yljar mér fátt meira um hjartarætur eins og tilhugsunin um jólin."

Elskar að mæta í vinnuna á aðfangadagsmorgun

Hvað er það sem þér þykir skemmtilegast við jólin?

„Það hefur breyst verulega í gegnum árin. Í bernsku fannst mér gaman að fá að þjóta um bæinn með jólakort, fá smákökur og heitt kakó á meðan ég litaði í jólalitabókina mína. Hefðin að opna ávallt einn pakka strax eftir matinn á aðfangdagskvöld á meðan mamma og pabbi vöskuðu upp var í miklu uppáhaldi.

Ég elskaði allt umstangið í skólanum, að skreyta stofurnar hátt og lágt og eyða fleiri fleiri dögum í að búa til jólakort og mæta svo á litlu jólin. Í dag elska ég mest í heimi að mæta í vinnuna á aðfangadagsmorgun. Það eru allir svo fullir tilhlökkunar og allir brosandi út að eyrum að óska hver öðrum gleðilegra jóla. Ég elska að rölta miðbæinn og dáðst að seríunum og ljósunum á meðan ég fæ mér heitt kakó. Mér finnst svo gaman að hitta fólkið mitt, knúsa það, gleðja það og vera með þeim á þessum dásamlegu tímum.

Ég elska jólamatinn alveg ótrúlega mikið og það má alls ekki breyta honum. Ég er mikið matargat og finnst jólamaturinn hennar mömmu besti matur í heimi. Það skemmtilegasta við jólin er í rauninni bara hvað allir verða glaðir og umhyggjusamir, mér finnst það fallegt."

Súkkulaðibitakökurnar hennar Elenoru Rósar

Uppáhalds

- 56 g smjör við stofuhita
- 1 egg
- 200 g hveiti
- 100 g sykur
- 70 g púðursykur
- 6 g vanilla
- 2 g sjávarsalt
- 3 g matarsódi
- 100 g hvítir súkkulaðidropar
- 100 g dökkt súkkulaði
- 5 jólastafir eða einn poki af bismarkbrjóstsykri

1. Hrærið saman smjör, sykur og púðursykur þar til blandan er orðin létt og ljós.
2. Bætið vanillunni saman við og hrærið þar til hún er komin alveg saman við.
3. Skafið niður hliðarnar og bætið svo egginu saman við og hrærið þar til eggið er komið saman við blönduna og stoppið þá strax.
4. Í annarri skál hrærið þið saman öllum blautefnunum og þurrefnunum sem eftir eru.
5. Blandið saman sykurblöndunni og þurrefna- og blautefnablöndunni og hrærið saman þar til þetta er komið alveg saman, passið að ofvinna deigið ekki hér.
6. Bætið súkkulaðinu og jólastöfunum saman við deigið.
7. Setjið plastfilmu yfir skálina og kælið deigið í 30-60 mínútur.
8. Forhitið ofninn í 170°C blástur.
9. Rúllið deiginu í lengju og skerið hana í 12 jafnstóra bita. Rúllið bitunum í kúlur og setjið kúlurnar á pappírsklædda bökunarplötu.
10. Bakið í 10-12 mínútur eða þar til þær eru gullinbrúnar. Passið að ofbaka þær ekki, þær líta kannski ekki út fyrir að vera tilbúnar en eru það líklegast.

Jólaleg súkkulaðikaka

- 260 g hveiti
- 400 g sykur
- 130 g kakó
- 2 egg
- 230 ml heitt vatn
- 230 ml mjólk
- 115 ml olía
- 8 g lyftiduft
- 8 g matarsódi

1. Forhitið ofninn á 170°C á blæstri.
2. Blandið öllum þurrefnum saman.
3. Bætið blautefnunum saman við og hrærið í 2 mínútur.
4. Setjið deigið í tvö vel smurð form og bakið í u.þ.b 35-40 mínútur.
5. Leyfið kökunni að kólna vel þegar hún kemur úr ofninum.

Appelsínusúkkulaði ganash

- 300 g appelsínusúkkulaði
- 300 ml rjómi

1. Saxið súkkulaðið og setjið í skál.
2. Setjið rjómann í pott og látið hann koma upp að suðu og hellið honum þá beint yfir súkkulaðið.
3. Leyfið þessu að standa í um það bil 2-3 mínútur og hrærið svo saman þangað til þetta er allt komið saman og leyfið þessu að kólna og stífna á meðan þið gerið restina.

Baileys smjörkrem:

- 500 g flórsykur
- 500 g smjör
- 150 g kakó
- 200 ml Baileys

1. Þeytið smjörið þar til létt og ljóst.
2. Bætið restinni saman við og haldið áfram að þeyta í um 8-12 mínútur eða þar til kremið verður silkimjúkt og létt.

Setjið einn botn á kökudisk og setjið Baileyskrem á botninn og ganash ofan á kremið.

Endurtakið þetta skref og skreytið síðan kökuna eins og þið viljið.

Piparkökusnúðar að hætti Elenóru Rósar

Deig

- 375 g kökuhveiti
- 375 sterkt hveiti
- 5 g salt
- 60 g sykur
- 60 g púðursykur
- 15 g þurrger
- 120 g mjúkt smjör
- 1 egg
- 160 ml mjólk
- 160 ml vatn
- 2-3 eggjarauður

Piparkökufylling

- 100 g marsipan
- 100 g smjör
- 100 g púðursykur
- 15 g kanill
- 15 g negull
- 15 g engiferkrydd
- 200 g piparkökudeig

1. Setjið allt nema smjör í hrærivélarskál og hnoðið í 4 mínútur.
2. Eftir 4 mínútur er smjörinu bætt saman við og deigið hnoðað áfram þar til það losnar frá hliðum skálarinnar, verður slétt, glansandi og teygjanlegt.
3. Skálin er plastfilmuð og deigið fær að hefast í skálinni þar til það hefur tvöfaldast.
4. Á meðan er fyllingin búin til. Hrærið saman marsipan og mjúkt smjör þar til það er komið vel saman. Varist að hræra of mikið því annars lekur fyllingin úr þegar hún er bökuð.
5. Bætið púðursykri, negul, engiferkryddi og kanil saman við og hærið þar til smjörið er komið vel saman við og engir marsipankögglar eru eftir í fyllingunni.
6. Þegar deigið hefur tvöfaldast er það flatt út með kökukefli og fyllingin smurð á deigið.
7. Síðan er deigið rúllað þétt upp og skorið í um 100 g snúða.
8. Raðið snúðunum á pappírsklædda bökunarplötu og leyfið þeim að hefast í 1-2 klukkutíma eða þar til þeir hafa tvöfaldast í stærð.
9. Hitið ofninn í 220°C.
10. Rúllið út piparkökudeigið og skerið það út með stjörnuformi.
11. Penslið með eggjarauðum, leggið piparkökudeigið ofan á snúðunum, sigtið flórsykur yfir og bakið í 8-10 mínútur.

JÓLAHAPPDRÆTTI - Allir sem versla í vefverslun í desember komast í lukkupott og geta átt möguleika á að vinna JÓLAGLAÐNING!
FRÍ
HEIMSENDING
þegar verslað er fyrir 7.000kr eða meira í vefverslun
NÝ SENDING
AF SPARIFATNAÐI!
Verið velkomin í jólastemninguna hjá okkur í Kringluna og á Glerártorgi
WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314
ZIKZAK
TÍSKUHÚS

Kjóll
9.990,-
st.38-48
Bolur
8.990,-
st.38-48
Bolur
6.990,-
st.38-48
Peysa
7.990,-
st.S-XXXL
Bolur
5.990,-
st.S-XXXL

Kjóll
6.990,-
st.S-XXXL
Blússa
6.990,-
st.38-48
Kjóll
7.990,-
st.38-48
Kjóll
7.990,-
st.S-XXXL
Buxur
10.990,-
st.36-48
Túnika
6.990,-
st.38-48
Kjóll
6.990,-
st.S-XXXL
Kjóll
9.990,-
st.38-48
WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS

Góð ráð gegn sorg um jólin

Jólin eru oft sérlega erfiður tími fyrir syrgjendur en það er samt ýmislegt sem er hægt að gera til að hjálpa þeim. Sorgarmiðstöð hefur tekið saman nokkur ráð fyrir syrgjendur og þá sem sinna þeim.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Ína Ólöf Sigurðardóttir, framkvæmdastýra Sorgarmiðstöðvar, segir að jólin séu oft mjög erfiður tími fyrir syrgjendur en það sé ýmislegt sem sé hægt að gera til að auðvelda þeim lífið á jólum og aðventu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ína Ólöf Sigurðardóttir, framkvæmdastýra Sorgarmiðstöðvar, segir að jólin geti oft reynst syrgjendum erfiður tími og í ár skapi COVID-ástandið aukið álag. Markmið Sorgarmiðstöðvar er að styðja við syrgjendur og alla sem vinna að velferð þeirra og þar er hægt að fá góð ráð til að gera ástandið bærilegra. Ína talar svo sannarlega af reynslu, en hún hefur sjálf mætt hræðilegum áföllum.

„Mín fyrstu kynni af sorginni voru þegar ég missti fyrsta barn mitt á meðgöngu gengin 22 vikur, en þá var ég 26 ára gömul. Þetta var árið 2002 og tíu árum síðar, árið 2012, missti ég eiginmann minn til 18 ára úr heilaæxli frá tveimur ungum börnum okkar," segir Ína. „Árið 2013 stofnaði ég samtökin Ljónshjarta ásamt öðru góðu fólki og var þar formaður fyrstu sex árin. Árið 2018 tók ég svo þátt í að stofna Sorgarmiðstöð og hef unnið að uppbyggingu hennar ásamt öðrum.

Starfsemin lýtur fyrst og fremst að stuðningi, ráðgjöf, upplýsingaþjónustu og fræðslu," segir Ína. „Aðsókn eftir þjónustunni hefur verið mikil og fer ört vaxandi. Það er ekki nema ár síðan miðstöðin var opnuð og á þeim tíma hafa fjölmargir nýtt þjónustuna, hvort sem það er ráðgjöf, fræðsla eða beinn stuðningur."

COVID hamlar hópastarfi

„Við erum sífellt að auka við í stuðningshópastarfinu okkar ásamt því að bæta við nýjungum. Við reynum líka að svara ákalli samfélagsins og bjóðum nú í fyrsta sinn upp á stuðningshóp fyrir ömmur og afa sem misst hafa barnabarn eða styðja barnabarn í sorg," segir Ína. „Við bjóðum líka upp á stuðningshóp fyrir fólk sem glímir við gamla eða óuppgerða sorg og hóp fyrir fráskilda foreldra sem eiga barn í sorg.

Því miður hefur COVID-19 sett starfsemi okkar talsvert úr skorðum. Við upplifum mikinn vanmátt við að geta ekki tekið á móti syrgjendum og finnst erfitt að sjá eftirspurnina aukast og hafa ekki tök á að bregðast strax við," útskýrir Ína. „Við getum til dæmis ekki sett syrgjendur í hópastarf á fjarfundum því samvera er eitt af lykilatriðunum í þeim jafningjastuðningi sem við veitum. Að hittast, mynda traust og deila reynslu skiptir svo miklu máli. COVID er að hafa mikil áhrif á þá sem missa ástvini. Það eykur álag og vanlíðan ofan á þá miklu sorg sem fyrir er. Einmanaleikinn getur orðið svo skerandi sár."

Ekki gera of miklar kröfur

„Nú styttist í jól og áramót, sem er erfiður tími fyrir marga. Það má ekki gleyma því að þessi hátíð gleði og friðar hjá flestum reynist syrgjendum oft erfið og í ár er svo COVID-ástandið aukið álag," segir Ína. „Við hjá Sorgarmiðstöð reynum að miðla ákveðnum boðskap til syrgjenda á þessum tímum og hvetjum fólk til að hlúa sérstaklega vel að sér og gera ekki of miklar kröfur, hvorki til sín né sinna nánustu.

Á aðventunni og við jólaundirbúninginn er gott að fá aðstoð við kaup á gjöfum, við skreytingar og annan undirbúning. Það léttir verulega á álaginu," útskýrir Ína. „Það er engin ein rétt leið til að fara í gegnum hátíðarnar. Sumir vilja halda í hefðir og aðrir vilja breyta til. Mikilvægast er að gera einungis það sem hver og einn treystir sér til og muna að það er líka í lagi að gera ekki neitt."

Leyfið tilfinningarnar

„Þegar sorg er í hjarta er eðlilegt að vera sorgmæddur, líka á jólunum. Það má sýna tilfinningar og ef til vill hjálpar það öðrum í fjölskyldunni sem einnig glíma við sorg," segir Ína. „Það er mikilvægt að leita til þeirra sem eru tilbúnir til að hlusta. Góður vinur er sá sem hlustar, en sparar ráðin.

Sumir ná að draga fram skondnar og skemmtilegar minningar þrátt fyrir mikla sorg og þá er mikilvægt að leyfa sér að hlæja og gleðjast. Sorgin á nefnilega svo margar hliðar," segir Ína. „Við verðum að leyfa því að koma sem kemur. Það er allt hluti af ferlinu og þeirri vegferð sem sorgin er.

Sorgarmiðstöð gaf út bækling fyrir jólin í fyrra sem er fyrir þau sem hafa misst ástvin en ekki síður fyrir þau sem umgangast syrgjendur og vilja veita þeim stuðning yfir hátíðarnar. Það er svo mikilvægt að sýna frumkvæði og aðstoða þau sem eru í sorg," útskýrir Ína. „Margir eru óöruggir í þeim efnum og vita ekki hvað er best að gera, en í bæklingi Sorgarmiðstöðvar eru nokkur góð ráð sem geta hjálpað."

Góð ráð til að hjálpa syrgjendum

- Ef þig langar að aðstoða er heppilegra að bjóðast til að gera eitthvað ákveðið en að segja „láttu mig vita ef ég get gert eitthvað". Þú gætir boðist til að aðstoða við innkaup, bakstur, þrif, innpökkun á gjöfum, að hengja upp jólaseríur eða sjá um matseld. Önnur hugmynd gæti verið að passa börnin eða bjóða þeim á viðburð á aðventunni. Þá fær syrgjandinn hvíld eða tækifæri til að sinna undirbúningi eins og hann treystir sér til.

- Það er dagamunur á fólki í sorg, hún er svo óútreiknanleg og erfitt er að skipuleggja fram í tímann. Syrgjandi gæti afboðað sig á síðustu stundu í jólaboð eða dottið í hug að mæta í boð sem hann var áður búinn að afþakka. Sýndu þessu skilning. Láttu vin í sorg vita að þú styðjir hann þrátt fyrir að plön breytist.

- Hafðu það í huga að persónuleg kveðja, jafnvel handskrifuð, þar sem þú rifjar upp gamla minningu gæti glatt syrgjandann meira en hefðbundið jólakort eða jólakveðja. Ef þú lumar á mynd, myndum eða myndbroti væri það líka góð gjöf. Skoðaðu að afhenda kveðjuna í eigin persónu og fylgja henni eftir með faðmlagi. Ef þú hefur ekki tök á því að gera eitthvað af ofantöldu þá gætir þú hringt eða sent falleg skilaboð á samfélagsmiðlum.

- Sumir halda að þegar nokkrir mánuðir eru liðnir frá andláti ástvinar séu syrgjendur að „komast yfir missinn" og að önnur og þriðju jólin hljóti að vera auðveldari. Staðreyndin er að söknuðurinn eftir ástvini verður fylginautur syrgjandans ævina á enda. Hafðu þetta í huga og sýndu áfram hlýju og stuðning fyrir komandi jólahátíðir.

Það er hægt að skoða bæklinginn í heild sinni á heimasíðu Sorgarmiðstöðvar.

gledipinnar.is
GLEÐIKRÓNUR

Gleðikrónur eru skemmtileg gjafakort sem gilda á öllum veitingastöðum Gleðipinna. Jólin nálgast og Gleðikrónur eru fullkomin leið til að gleðja starfsmannahópinn.

Gleðikrónur henta öllum og sá sem hefur Gleðikrónur undir höndum getur valið úr fjölda veitingastaða og borðað þar sem hann langar hverju sinni.

American Style · Eld Smiðjan · Hamborgarafabrikkan · Kaffihúsið Egilshöll · Aktu Taktu · Pítan · Shake & Pizza Egilshöll · Saffran · Blackbox Vid Pizzu

Þú sendir póst á gledikronur@gledipinnar.is og við sendum þér tilboð fyrir þinn hóp.

GLEÐIPINNAR
STÖNDUM SAMAN & HÖLDUM GLEÐINNI

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

FRAMLENGJUM BLACK FRIDAY
Tilboð á nýjum 2020 Mitsubishi Outlander í svörtum lit. Vetrardekk og mottusett fylgir. Langt undir tilboðsverði umboðsins á 5.690.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

Málarar

REGNBOGALITIR.IS
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd

Heilsunudd. Opið frá 9-19. Einnig um helgar S. 832 8863

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu 2ja herb. íbúð með öllu innbúi, á svæði 105 Rvk. Með góðu útsýni yfir sundin og Esjuna. Laus 1. jan. Uppl. í síma 893-3475.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Ábendingahnappinn má finna á
BARNAHEILL.IS
ÁBENDINGALÍNA
SAFT

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

HAGVANGUR
hagvangur.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 °C | 9	-5 °C | 8	-5 °C | 7
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-3 °C | 12	-5 °C | 14	-11 °C | 13

Lægir í dag, styttir upp og herðir frost. Norðlæg átt 3-13 m/s í kvöld, hvassast A-til. Stöku él fyrir austan en þurrt og víða bjart annars staðar. Frost 2 til 12 stig, mildast við SA-ströndina.

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-6 °C | 3	-4 °C | 11	-7 °C | 3
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-7 °C | 2	-5 °C | 2	-12 °C | 6

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-3 °C | 5	-5 °C | 2	-8 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-13 °C | 3	-7 °C | 3	-11 °C | 3

LÉTT

		1		4	2	6	9	
								7
3		7	5	9		2		4
1		8	9		7	3	5	
		6	3					
7		9	1					8
	9				8	7		
6		5		3				
8		3	4					

MIÐLUNGS

	8	3		9		1		
9		5		8				
	7		6	5		4		
7	9	4	2	6	5			
			7			5		4
		2		3		9	6	
	1	9						2
					6		4	
	2						9	

ÞUNG

			2	9	1		4	3
		7	3				2	
	3				6		9	
		2		8		5		
	5							
			9	1				6
5		3					7	
					9		6	8
8					7	4		

Krossgáta

LÁRÉTT
1 stybba
5 missir
6 átt
8 málaleitun
10 tveir eins
11 máleining
12 reitur
13 hnarreist
15 reiknirit
17 gúbba

LÓÐRÉTT
1 stuttnefni
2 gætni
3 gargi
4 svipan
7 snerting
9 dálitlu
12 arra
14 krap
16 íþróttafélag



LÁRÉTT: 1 svæfa, 5 tap, 6 nv, 8 erindi, 10 ii, 11 orð, 12 skák, 13 kelk, 15 algrím, 17 gaura
LÓÐRÉTT: 1 stelnka, 2 vari, 3 æpi, 4 andra, 7 við-koma, 9 nokkru, 12 slága, 14 elg, 16 ír

Skák

Gunnar Björnsson

Haik átti leik gegn Skembris í Vrnacka Banja árið 1981. Hvítur á leik

1. Hxf6! gxf6 2. Dh6! He7 3. Rxf6+ Kh8 4. Re8! Hxe8 5. Hf7 1-0.

Henrik Danielsen og Hilmir Freyr Heimisson tefla á alþjóðlegu móti í Árósum í Danmörku.

www.skak.is: Föstudagsmót hjá Víkingaklúbbnum.

Hvítur á leik

2	5	6	3	1	8	7	4	9
4	7	1	2	9	6	5	8	3
8	9	3	4	5	7	1	2	6
9	1	7	6	3	4	2	5	8
5	8	4	7	2	9	6	3	1
3	6	2	1	8	5	9	7	4
6	4	5	8	7	1	3	9	2
7	2	8	9	6	3	4	1	5
1	3	9	5	4	2	8	6	7

4	5	7	3	2	8	1	6	9
8	9	2	1	7	6	4	3	5
1	3	6	9	4	5	8	2	7
6	8	5	7	3	1	2	9	4
7	1	4	8	9	2	3	5	6
9	2	3	5	6	4	7	1	8
5	6	8	4	1	3	9	7	2
3	4	9	2	5	7	6	8	1
2	7	1	6	8	9	5	4	3

5	3	6	1	4	7	2	8	9
1	7	8	9	6	2	5	4	3
2	4	9	3	8	5	1	6	7
6	9	2	4	5	3	7	1	8
7	5	3	8	9	1	4	2	6
8	1	4	7	2	6	9	3	5
4	6	1	5	7	8	3	9	2
3	8	7	2	1	9	6	5	4
9	2	5	6	3	4	8	7	1

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ
er helgarblaðið

Klippa hvorki á rauða né græna víra

Sprengjudeild Landhelgisgæslunnar er ekki vettvangur fyrir áhættusækna lukkuriddara því öryggið er í fyrirrúmi og hvert skref úthugsað. Í gegnum árin hafa þó fjölmörg viðsjárverð tilvik komið upp í tengslum við sprengjur úr styrjöldinni og meðhöndlun dínamíts.

Flutt inn í draumaíbúðina



Kristín Pétursdóttir gerði á smekklegan hátt upp íbúð í miðbænum sem hefur verið í eigu fjölskyldunnar í tæpa öld. Þó miklu hafi verið skipt út fannst Kristínu miklu skipta að virðing væri borin fyrir upprunalegu útliti íbúðarinnar.

Hægt að hafa mikil áhrif

Regína Bjarnadóttir hefur skipt tíma sínum á milli Íslands og Síerra Leóne undanfarin sex ár og ætlar að halda því áfram eins lengi og fjölskylda hennar leyfir, enda uppbyggingarstarfið sem hún vinnur þar fyrir Auroru velgerðarsjóð það skemmtilegasta sem hún hefur gert.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ht.is

PHILIPS

THE ONE SNJALLSJÓNVARP - FULLBÚIÐ MEÐ ÖLLU!

AMBILIGHT 3

ANDROID 9

DOLBY ATMOS HLJÓÐKERFI

DOLBY VISION OG HDR10+

(PUS8545)

ALLT AÐ 30.000 AFSLÁTTUR

FINNUR ÞÚ HIÐ EINA RÉTTA?

The One snjallsjónvörpin frá Philips eru ekki aðeins glæsilega hönnuð heldur einnig fullbúin öllum helstu eiginleikum sem gera gott snjallsjónvarp enn betra. *Ambilight 3* baklýsing ásamt kraftmiklu *Dolby Atmos hljóðkerfi* gerir þér kleift að sökkva þér inn í hugarheim kvikmyndarinnar og hnökralaust *Android 9* stýrikerfið tryggir þægilega og notendavæna upplifun.

Jólatilboð 109.995 43" Fullt verð 129.995	Jólatilboð 119.995 50" Fullt verð 139.995	Jólatilboð 149.995 58" Fullt verð 179.995 ER AÐ LENDA	Jólatilboð 179.995 65" Fullt verð 199.995

PHILIPS THE ONE PUS8545 SNJALLSJÓNVÖRPIN ERU NÚ Á JÓLATILBOÐI!

Heimilistæki

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · AKRANES

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM



Barnaræninginn
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.999.-



Dísa ljósálfur
TILBOÐSVERÐ: 2.699.-
Verð áður: 3.499.-

Harry Potter og leyniklefinn
TILBOÐSVERÐ: 3.399.-
Verð áður: 4.499.-

William Wenton - Huldugáttin
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð áður: 4.999.-

Dóttir hafsins
TILBOÐSVERÐ: 4.299.-
Verð áður: 5.499.-

Fólkið í blokkinni 3 - Gleðiloft og glópalán
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-



Heimur risaeðla
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-



Litla gula hænan
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 4.499.-

Sætaspætan
TILBOÐSVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.699.-

Framúrskarandi fyrirtæki 2016 2020

FRÍ HEIMSENDING*

EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR. EÐA MEIRA Á VEFNUM OKKAR.

Þú færð SMS og símtal áður en við mætum.
Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.
*á ekki við um húsgögn.

BARNA- OG UNGMENNABÓKUM

GILDIR TIL OG MEÐ 7. DESEMBER



Hetja
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð áður: 4.999.-

Skógurinn
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð áður: 4.999.-

Bölvun múmíunnar - Seinni hluti
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.999.-

Töfraeinhyrningurinn hennar Gurru gríss
TILBOÐSVERÐ: 2.199.-
Verð áður: 2.799.-

Milljarðastrákurinn
TILBOÐSVERÐ: 3.399.-
Verð áður: 4.499.-

Hellirinn - Blóð, vopn og fussum fei
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-



Þín eigin undirdjúp
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.999.-



Dagbók Kidda klaufa 13 - Snjóstríðið
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð áður: 4.999.-



Iðunn & afi pönk
TILBOÐSVERÐ: 3.899.-
Verð áður: 4.999.-

Austurstræti 18	Kringlunni norður	Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Skólavörðustíg 11	Kringlunni suður	Akranesi - Dalbraut 1
Laugavegi 77	Smáralind	Ísafirði - Hafnarstræti 2
Hallarmúla 4	Hafnarfirði - Strandgötu 31	Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Álfabakka 16, Mjódd	Keflavík - Krossmóa 4	Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 7. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Gerður Kristný, rithöfundur og skáld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tilnefningar til Fjöruverðlauna

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- Íslenskir matþörungar – ofurfæða úr fjörunni.
  Eydís Mary Jónsdóttir, Hinrik Carl Ellertsson, Karl Petersson og Silja Dögg Gunnarsdóttir.
- Þættir úr sögu lyfjafræðinnar á Íslandi frá 1760.
  Hilma Gunnarsdóttir.
- Konur sem kjósa: Aldarsaga.
  Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir.

Í flokki barna- og unglingabókmennta

- Sjáðu.
  Áslaug Jónsdóttir.
- Iðunn og afi pönk.
  Gerður Kristný.
- Vampírur, vesen og annað tilfallandi.
  Rut Guðnadóttir.

Í flokki fagurbókmennta

- Aprílsólarkuldi.
  Elísabet Kristín Jökulsdóttir.
- Hetjusögur.
  Kristín Svava Tómasdóttir.
- Undir Yggdrasil.
  Vilborg Davíðsdóttir.

Rut Guðnadóttir barnabókahöfundur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Sterkur karakter með járnharðan vilja

Ásgeir Jónsson sendir frá sér bók um Jón Arason biskup. Hann segir Jón hafa talið sig hafa það sterka stöðu að hann gæti spilað með í evrópskri valdapólitík.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Jón Arason er mjög áhugaverður, bæði sem skáld og persóna, segir Ásgeir Jónsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Uppreisn Jóns Arasonar er bók eftir Ásgeir Jónsson, rithöfund og seðlabankastjóra. Í bókinni rekur hann lífshlaup síðasta kaþólska biskupsins á Íslandi fyrir siðaskipti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Ásgeir skrifar um Jón Arason en hann ritstýrði og skrifaði inngang að Ljóðmælum Jóns Arasonar sem komu út árið 2006.

Ásgeir er fyrst spurður um áhuga sinn á Jóni Arasyni Hólabiskupi sem tekinn var af lífi árið 1550 ásamt tveimur sonum sínum. „Ég er alinn upp á Hólum og hef alltaf haft mikinn áhuga á sögu og andi Jóns svífur yfir staðnum. Jón er mjög áhugaverður, bæði sem skáld og persóna. Hann er sonur einstæðrar móður og komst snemma til frama innan kaþólsku kirkjunnar. Hann er sterkur karakter og mikill karakter. Hann var með járnharðan vilja og ekkert virtist geta stöðvað hann lengi vel. Jafnframt mikill fjölskyldumaður og raunar er vart hægt að finna litríkari hóp en börn hans og tengdafólk. Jón virtist einnig fæddur leiðtogi – öllum ber saman um að hann hafi verið ákaflega skemmtilegur og haldið bestu veislur sem um gat. Hann orti einnig skemmtileg danskvæði fyrri hluta ævinnar sem virðast hafa slegið í gegn hjá alþýðu manna. Seinni hluta ævinnar orti hann hins vegar eldheit trúarkvæði sem meðal annars eru talin hafa verið Hallgrími Péturssyni fyrirmynd en hann var sem kunnugt er alinn upp á Hólum.“

Gegn konungi

Ásgeir bendir á að Jón hafi verið jafnaldri Marteins Lúters – fæddur 1484. „Svo þversagnakennt sem það kann að hljóma, þá virðist Jón hafa aðhyllst sumar af hugmyndum siðaskiptamanna – svo sem að boða trúna á móðurmáli fólksins. Hann flutti prentsmiðju til landsins árið 1530 og lét meðal annars prenta þýðingar úr Biblíunni. En allar bækur þessarar prentsmiðju eru nú glataðar. Hún er hins vegar þekktust fyrir það sem hún þrykkti fyrir annan biskup á Hólum – Guðbrand Þorláksson.

Svo er þessi tími einnig merkilegur út frá efnahagslegu sjónarmiði. Margar þjóðir stunduðu hér verslun og fiskveiðar. Danir voru veikir fyrir – áttu ekki flota né heldur gátu staðist samkeppni við Þjóðverja eða Englendinga um verslun. Raunar stjórnuðu Þjóðverjar Íslandi í umboði konungs allt fram til 1541 og landsmenn hafa örugglega orðið mjög lítið varir við Dani fram til þess. Kirkjan hér heyrði undir erkibiskupsstólinn í Niðarósi og ungir menn fóru til náms í Hamborg eða London. Kaupmannahöfn var bara útkjálki. Þessi staða fór mjög í taugarnar á Dönum og þeir voru staðráðnir í því að komast að því gnægtaborði sem þeir töldu Ísland vera.

Kristján III. Danakonungur var uppalinn í Slésvík Holstein og tróð síðan siðaskiptunum upp á Dani með því að brjóta landið undir sig með aðstoð þýskra málaliða.

Stytta af Jóni Arasyni biskupi var reist á Munkaþverá. MYND/WIKIPEDIA

Sömu aðferðafræði var beitt í Noregi og svo loks á Íslandi. Skálholtsbiskupsdæmi var síðan látið samþykkja lúterstrú á Alþingi 1541 frammi fyrir þýskum spjótaskógi. Jón Arason náði samkomulagi við Danakonung um að fá að vera í friði og sat um sjö ára skeið sem sá eini kaþólski í Norður-Evrópu í góðri sátt við konung – allt þar til hann sjálfur raskaði friðnum. Hann var því ekki í varnarbaráttu – heldur í sókn.

Eftir lát Gissurar Einarssonar árið 1548 ákvað hann að gera uppreisn gegn konungi og reið með vopnaðan flokk í Skálholt til þess að láta kjósa þar kaþólskan biskup. Á þeim tíma voru Danir og Hamborgarmenn komnir í vopnuð átök en konungur hafði selt landið á leigu til góðborgara Kaupmannahafnar og þeir ætluðu með góðu eða illu að ná Íslandsversluninni undir sig. Jón biskup og Hamborgarmenn urðu því sjálfkrafa bandamenn gegn konungi. Ég held að Jón hafi ætlað að ganga svo langt að taka landið undir Þýskalandskeisara, Karl V. sem var kaþólskur.“

> ÉG HELD AÐ JÓN HAFI ÆTLAÐ AÐ GANGA SVO LANGT AÐ TAKA LANDIÐ UNDIR ÞÝSKALANDSKEISARA, KARL V. SEM VAR KAÞÓLSKUR.

Varð að deyja

Hlutir fóru svo á annan veg en Jón ætlaði og hann var dæmdur til dauða ásamt tveimur sona sinna, Ara og Birni. „Danir hjuggu ekki kaþólska menn vegna trúar þeirra. Menn voru hálshöggnir fyrir landráð. Í dómnum sem Kristján skrifari, umboðsmaður Danakonungs, las yfir Jóni áður en hann var höggvinn var hann ekki sakaður um trúvillu. Hann vildi ekki hlýða konungi og ætlaði að taka landið undan honum og varð því að deyja.“

Vanmat Jóns

En var raunhæft hjá Jóni að gera uppreisn gegn Danakonungi? „Það styrkti stöðu hans að Hamborgarmenn studdu hann. Kristján III Danakonungur var aukinheldur alinn upp í hinu þýska hertogadæmi Holstein og sat undir miklu ámæli í Danmörku fyrir að vera of vilhallur Þjóðverjum – sem raunar höfðu leitt hann til valda í upphafi. Hansakaupmenn höfðu lánað honum gríðarlegar fjárhæðir til þess að ráða til sín þýskan málaher og þær skuldir urðu síðan gríðarlegur baggi á danska ríkinu. Raunar réðst konungur ekki gegn Jóni biskupi fyrr en hann hafði samið við Hamborgarmenn um að hætta að styðja uppreisn hans – en þá gegn því að hann drægi til baka umboð Kaupmannahafnar til þess að stunda Íslandsverslun. Þannig fengu Hamborgarar sitt fram.

Ég held að fólk geri sér ekki grein fyrir því hvað Danir voru í veikri stöðu gagnvart Þjóðverjum á þessum tíma. Refskák Hólabiskups gat því alls ekki talist vonlaus á sínum tíma. Jón hefur sennilega talið að Danakonungur vildi ekki árekstra við Þjóðverja þar sem þeir voru helstu stuðningsmenn hans.

Ég held hins vegar að Jón hafi vanmetið hversu gríðarlega máli það skipti konung að halda ríkinu saman. Hann virtist halda að hann hefði það sterka stöðu að hann gæti spilað með í hinni evrópsku valdapólitík. Þar fóru hlutir hins vegar á annan hátt en hann hafði reiknað með,“ segir Ásgeir.

Nivona

AEG Electrolux

Brabantia

Moccamaster

ORMSSON hringir inn jólin

fjölbreytt úrval heimilistækja, búsáhalda, hljómtækja, sjónauka, leikjatölva & leikja fyrir allan aldur

Tefal De Buyer

Collo Clou ofnahreinsir

Levenhuk

AEG

Steam One

Klipsch

NÝ SENDING
ein vinsælasta leikjatölva í heimi

2 litir fáanlegir

Nintendo Switch

Braun

Pioneer

NOSTALGÍA
Takmarkað magn - vinsælt
hjá 20 - 40 ára einstaklingum

Nintendo leikjatalva

Nintendo Switch Leikir & aukahlutir

Vefverslun ORMSSON.IS

opin alla daga, allan sólarhringinn!

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300

DV

DV ER KOMIÐ ÚT!

Tryggðu þér áskrift á dv.is

eða nældu þér í eintak í næstu verslun

DAGSKRÁ

Föstudagur

HRINGBRAUT

20.00 Lifið er lag (e) Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón Sigurður K. Kolbeinsson.
20.30 Matur og heimili (e) Lifandi þáttur um matargerð og bakstur í bland við innanhússarkitektúr, hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
21.00 21 - Úrval á föstudegi Samantekt úr bestu og áhugaverðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.
21.30 Viðskipti með Jóni G. (e) Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.30 Spaugstofan 2007 - 2008
10.00 Kveikur
10.35 Íþróttaafrek sögunnar Muhammad Ali og George Foreman
11.05 Veiðikofinn - Fjallableikja n
11.30 Heimaleikfimi
11.40 Ólympíukvöld fatlaðra
12.15 Kvöldstund með listamanni 1986-1993 Þuríður Pálsdóttir
13.15 Íslendingar Ásgerður Búadóttir
14.05 Jólapopppunktur
15.10 Mamma mínMorra mi
15.25 Veröld sem var Talsamband við útlönd
15.55 Fullveldisöldin Æskan
16.10 Okkar á milli
16.50 Landinn 8. nóvember 2020
17.20 Jóladagatalið. Snæholt
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Jóladagatalið - Jól í Snædal Talsett, norskt jóladagatal sem segir frá Hlyni og vinum hans í Snædal og spennandi og skemmtilegum ævintýrum sem þeir lenda í.
18.25 Fótboltastrákurinn Jamie
18.35 Húllumhæ
18.50 Landakort Kvæðakona María Jónsdóttir, kvæðakona á Hvolsvelli, byrjaði mjög ung að kveða með pabba sínum og var aðeins tíu ára þegar hún kom fyrst fram opinberlega.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Fyrir fjölskylduna Söfnunarþáttur SÁÁ Söfnunarþáttur fyrir SÁÁ, Samtök áhugafólks um áfengis og vímuefnavandann. Málefni SÁÁ og staða málaflokksins í þjóðfélaginu rædd og fé safnað til styrktar samtökunum. Boðið upp á tónlistar- og skemmtiatriði. Umsjón: Sigmar Guðmundsson og Björg Magnúsdóttir.
21.35 Poirot Agatha Christie's Poirot XIII
23.05 Pottþéttur prófill A Case of You12
00.35 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

06.30 European Tour 2020 Bein útsending frá Golf in Dubai Championship.
11.00 PGA Highlights 2020
11.50 Masters
15.45 LPGA Tour 2020 Útsending frá Volunteers of America Classic.
19.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Mayakoba Golf Classic.
22.00 European Tour 2020 Útsending frá South African Open.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 A.P. BIO
14.25 The F Word (US)
15.10 BH90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 Man with a Plan
20.00 The Bachelorette
21.30 Bridget Jones's Diary
23.05 Arbitrage
00.50 The Paperboy
02.35 The Iceman Í augum eiginkonu sinnar og barna var Richard Kuklinski venjulegur og umhyggjusamur fjölskyldufaðir. En þau vissu ekki að hann átti sér skuggalegt leyndarmál. Í nærri þrjá áratugi vann hann sem aftökumaður fyrir Gambino-glæpafjölskylduna þar sem hann fékk nafnbótina "Ísmaðurinn" vegna þess að hann lét fórnarlömb sín í frysti.
04.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Í ljósi sögunnar
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Óskastundin
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Dánarfregnir
13.02 Það sem skiptir máli
13.05 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Heimskviður
15.00 Fréttir
15.03 Sögur af landi
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Glans
17.00 Fréttir
17.03 Lestarklefinn
18.00 Spegillinn
18.30 Brot úr Morgunvaktinni
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Flugur Peggy Lee, seinni þáttur
19.45 Lofthelgin
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Atómstöðin (3 af 17)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestarklefinn
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.50 Call of the Wild
12.25 Kindergarten Cop
14.15 The Miracle Season
15.55 Call of the Wild
17.30 Kindergarten Cop
19.20 The Miracle Season
21.00 Bad Boys for Life
23.00 Blumhouse's Truth or Dare
00.40 The First Purge
02.15 Bad Boys for Life

STÖÐ 2

08.00 The Middle
08.20 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Modern Family
09.45 Gilmore Girls
10.30 Besti vinur mannsins
10.55 One Born Every Minute
11.40 Love in the Wild
12.25 Jóladagatal Árna í Árdal
12.35 Nágrannar
12.55 Blokk 925
13.15 Manifest
14.00 Friends
14.20 Rikki fer til Ameríku
14.45 Battle of the Fittest Couples
15.25 Who Wants to Be a Millionaire
16.10 Family for Christmas
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Föstudagskvöld með Gumma Ben og Sóla
19.40 Britain's Got Talent
20.30 The Spruces and the Pines
22.00 Inherit the Viper
23.20 Sideways
01.25 Mr. Right
02.55 Blumhouse's Truth or Dare

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Goldbergs
21.15 Roswell, New Mexico
22.00 Game of Thrones
23.00 Game of Thrones
00.00 Flash
00.40 Simpson-fjölskyldan 32
01.05 Bob's Burgers 11
01.35 Friends
01.55 Friends
02.20 The Goldbergs

STÖÐ 2 SPORT

08.30 Torino - Sampdoria
10.10 Genoa - Parma
11.55 Real Betis - Eibar
13.35 Barca - Valencia Basket Club
15.10 Ensku bikarmörkin
15.40 Dominos Körfuboltakvöld
16.55 Pittsburgh Steelers - Baltimore Ravens
19.30 NFL Gameday
20.00 Dominos Körfuboltakvöld
21.15 Líkamsrækt
21.35 Skíði
21.55 Hlaup
22.15 Supersport 2006
22.20 Supersport 2006
22.30 Supersport 2006
22.35 AK Extreme 2016 Útsending frá Eimskips-gámastökki á AK Extreme snóbrettamótinu.
00.40 AK Extreme 2017

STÖÐ 2 SPORT 2

07.35 Tampa Bay Buccaneers - Kansas City Chiefs
10.05 NFL Gameday
10.35 CSKA Moskva - Wolfsberg
12.15 LASK Linz - Tottenham
13.55 AZ Alkmaar - Napoli
15.35 Arsenal - Rapid Vín
17.20 Barnsley - Bournemouth Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
19.25 Man in the Middle Roberto Rosetti, yfirmaður dómgæslu hjá UEFA, segir frá innleiðingu myndbandadómgæslu í Meistaradeildinni.
20.25 La Liga Show
20.50 Inside Serie A
21.15 Evrópudeildarmörkin
22.00 Liverpool - Ajax
23.40 Meistaradeildarmörkin
00.00 Athletic Bilbao - Celta Vigo

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Tækifæri í matvæla-framleiðslu

Startup Orkídea er einstakur vettvangur fyrir þróun viðskiptahugmynda og nýsköpunarverkefna rótgrónari fyrirtækja sem vinna að sjálfbærum lausnum á sviði hátæknimatvælaframleiðslu og líftækni.

startuporkidea.is

Startup Orkídea

ICELANDIC STARTUPS

Kósí og köflótt í vetrarkuldanum

Veturinn hefur verið mildur hingað til en á næstunni er spáð kólnandi veðri. Þá er um að gera að draga fram úlpu eða hlýja kápu, og ekki er verra ef hún er köflótt. Það er fallegt að blanda saman ólíkum mynstrum eða nokkrum köflóttum flíkum, svona fyrir þá sem þora.

Köflótt mynstur hafa verið vinsæl síðustu árin, hvort sem er á kápum, drögtum eða peysum. Það getur komið einstaklega vel út að blanda saman ólíkum köflóttum mynstrum í svipuðum tónum en það er þó ekki fyrir alla.

Núna á næstu dögum er spáð miklum kulda. Tískumiðlar vestanhafs vilja meina að köflóttar kápur séu það allra heitasta fyrir veturinn fram undan, nú eða köflóttar úlpur því veturinn getur orðið ansi kaldur hér á landi. Það kemur vel út að klæðast skemmtilegri húfu við og velja einhverja flotta „statement“-tösku til að fullkomna lúkkið. **steingerdur@frettabladid.is**

Sonia Lyson með tösku frá Dior við kápu frá Ducie.

Gestur á tískuvikunni í London í kápu frá ASOS.

Tískuskvísan Jacqueline Zelwis í jakka frá Samsoe Samsoe og með sólgleraugu frá Bottega Veneta.

Áhrifavaldurinn Catharina Maranca í fallegri kápu á röltinu í Berlín.

Gestur á sýningu Yohji Yamamoto á tískuvikunni í París í hlýlegri kápu og Dr. Martens. Kemur vel út saman.

ÞAÐ ER FALLEGT AÐ BLANDA SAMAN ÓLÍKUM MYNSTRUM EÐA NOKKRUM KÖFLÓTTUM FLÍKUM.

Köflóttur jakki frá Lala Berlin.

Maria Rosaria Rizzo í dúnúlpu frá Parosh. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

TÍSKUMIÐLAR VESTANHAFS VILJA MEINA AÐ KÖFLÓTTAR KÁPUR SÉU ÞAÐ ALLRA HEITASTA FYRIR VETURINN FRAM UNDAN.

Ofurfyrirsætan Gigi Hadid í köflóttri kápu á JFK-flugvellinum í New York.

JAGUAR I-PACE

BÍLL ÁRSINS
HÖNNUN ÁRSINS
60 ÖNNUR VERÐLAUN

JAGUAR

TRYGGÐU ÞÉR I-PACE S EV320 Í FORSÖLU Á EINSTÖKU VERÐI: 9.590.000 KR.

Bíll ársins er rafbíllinn I-Pace. Einn mest verðlaunaði bíll sögunnar: 62 alþjóðleg verðlaun á einu og sama árinu segja allt sem segja þarf um þennan rafmagnaða gæðing.

Nú bjóðum við sérstaka útgáfu í takmörkuðu magni af þessum glæsilega sigurvegara með 320 hestafla vél, 470 km drægi* og heimahleðslustöð auk búnaðar og þæginda sem eiga sér fáar hliðstæður.

Komdu og reynsluaktu!

HEIMAHLEÐSLU-STÖÐ FYLGIR NÝJUM JAGUAR I-PACE S EV320

JAGUAR
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

Á fyrsta árinu frá frumsýningu hlaut Jaguar I-Pace 62 verðlaun. Hann var valinn bíll ársins 2019, hönnun ársins 2019 og græni bíll ársins í World Car Awards. Hann var valinn bíll ársins í Evrópu, bíll ársins í Þýskalandi, Noregi og Bretlandi, rafbíll ársins hjá BBC TopGear magazine, græni bíll ársins í Kína og hlaut ECOBEST verðlaun Autobest auk fjölda annarra alþjóðlegra verðlauna.

*Uppgefnar tölur um drægi taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur afgerandi áhrif á drægi rafbíla.

ENNEMM / SÍA / NM003236 Bíll á mynd er HSE á 22"felgum

„ÞETTA ER STÓRVIRKI.“

Þorgeir Tryggvason / *Kiljan*

Skógurinn er æsispennandi og dularfull framtíðarsaga eftir verðlaunahöfundinn Hildi Knútsdóttur. Lokabindið í þríleiknum um Kríu.

„Eins og varða í íslenskum barna- og unglingabókmenntum.“

Egill Helgason / *Kiljan*

„... höfundur með óvenjulegt og ríkulegt ímyndunarafl og nær betri tökum á stílbrögðum og orðfimi með hverri bók.“

Brynhildur Björnsdóttir / *Fréttablaðið*

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga fram að jólum | **www.forlagid.is**

Georg Hólm er létt þegar kalli aðdáenda er loksins svarað með Hrafnagaldri Óðins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Heimsendaspádómur Sigur Rósar rætist loks

Sigur Rós svarar loks kalli aðdáenda sem hafa beðið útgáfu tónverksins Hrafnagaldurs Óðins. **Georg Hólm** segir tímasetninguna ágæta þar sem í verkinu eru endalok goða og manna yfirvofandi.

Það er langt síðan þetta var samið og það er meira að segja langt síðan þetta var tekið upp,“ segir Georg Hólm, bassaleikari Sigur Rósar, um Hrafnagaldur Óðins sem hljómsveitin samdi með og að undirlagi Hilmars Arnar Hilmarssonar, tónskálds og allsherjargoða, fyrir átján árum.

Staða Hrafnagaldurs Óðins í Eddukvæðunum hefur verið nokkuð umdeild en Hilmar hefur alltaf staðið fastur á því að þar eigi það heima. Hann hreifst af kvæðinu fyrir margt löngu og átti hugmyndina að því að semja verk í kringum það.

„Og við förum bara í það saman og þetta var mjög gaman. Þetta var samið fyrir Listahátíð á sínum tíma og það má segja að þetta var svona fólk úr öllum áttum,“ heldur Georg áfram og bendir á að þarna hafi í raun hljómsveitin í fyrsta skipti starfað með öðrum af einhverri alvöru.

Kvæðamaðurinn Steindór Andersen og María Hulda Markan Sigfúsdóttir komu einnig að verkinu að ógleymdum Páli Guðmundssyni með sína steinhörpu sem Georg segir hafa vegið þungt í þessu öllu saman. „Þetta var mjög skemmtilegt vegna þess að formið var svo opið og allir gátu bara komið með einhverjar hugmyndir og gert það sem þeir vildu.“

Sigur Rós tók þátt í að semja og flytja Hrafnagaldur Óðins fyrir átján árum en það er fyrst núna sem verkið er gefið út í sinni 70 mínútna heild.

Bútar hér og þar

Hrafnagaldurinn var saminn að beiðni Listahátíðar í Reykjavík árið 2002 og var aðeins flutt nokkrum sinnum það sama ár en eftir það hefur það aðeins lifað sem hluti af sagnaheimi Sigur Rósar í litlum myndbandsbútum sem aðdáendur hafa grafið upp á netinu.

„Það hefur verið hægt að horfa á svona búta af þessu hér og þar á YouTube og aðdáendur okkar hafa verið að biðja um þetta í mjög langan tíma,“ segir Georg og bætir við að honum finnist þessi tímasetning býsna góð.

„Þegar maður hugsar út í það er kannski bara svolítið viðeigandi að þetta komi loksins út núna vegna þess að þetta ljóð, Hrafnagaldur Óðins, fjallar í raun um endalok alheimsins. Þannig að ég held það passi bara ágætlega að þetta komi út árið 2020.“

70 mínútur

Þessi 70 mínútna heildarútgáfa Hrafnagaldursins var tekin upp þegar verkið var flutt í La Grande Halle de la Villette í París 2002 þegar meðal annars kammerkórinn Schola cantorum og L'Orchestre des Laureats du Conservatoire national de Paris tóku þátt.

„Þetta er ekki stúdíóplata. Þetta er í raun og veru bara „live“ upptaka frá París 2002 og í raun og veru ekkert gert við þetta sem slíkt. Bara mixað vel,“ segir Georg um langþráða heildarútgáfuna sem kemur út í dag.

„Ástæðan fyrir því að þetta hefur ekki komið út áður er kannski að þetta var líka tekið upp á filmu og í raun var alltaf upprunalega hugmyndin að þetta myndi verða mynd ekki bara plata. Það var alltaf markmiðið.“

Viss léttir

Georg segir kvikmyndaáformin líklega hafa ráðið mestu um að verkið hafi ekki komið út strax. „Af því að við vorum kannski ekkert rosalega sáttir við útkomuna á myndinni. Okkur fannst hún bara kannski ekki nógu áhugaverð,“ segir Georg og bætir við að þeir hafi reynt nokkra mismunandi vinkla til þess að gera myndina spennandi en það hafi enn ekki tekist.

„Okkur hefur alltaf fundist það vera synd að sitja svona á þessu og í raun og veru eru bara allir voðalega fegnir að þetta er loksins komið út,“ segir Georg og bætir við að hugmyndin um að drífa í útgáfunni hafi oft komið upp.

„Það hefur bara einhvern veginn aldrei verið rétti tíminn. Hefði okkur tekist að gera myndina þá hefði verkið samt hugsanlega komið út fyrr. Ég veit það ekki. En það einhvern veginn tókst aldrei.

Svo veit maður aldrei. Kannski finnum við vinkilinn á myndina en platan er allavegana komin út og það er viss léttir að koma henni frá sér og að fólk fái loksins að heyra okkar mix af henni í alvöru hljóðgæðum.“

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

NÁTTÚRAN OG LÍFIÐ Í LANDINU!

Hjarta Íslands – Frá Eldey til Eyjafjarðar eftir Gunnstein Ólafsson og Pál Stefánsson er sannkallað stórvirki um gersemar landsins frá Reykjanesi um Vestfirði og til Norðurlands. Fyrri bók þeirra, Hjarta Íslands – Perlur hálendisins, hlaut einróma lof.

*„Texti Gunnsteins er **aðgengilegur og fræðandi** og Páll hefur fangað af næmni hina síkviku íslensku birtu í ljósmyndum sínum. Skyldueign fyrir alla ferðaþyrsta Íslendinga.“*

Dúi J. Landmark leiðsögumaður, ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður

*„Hér fléttast saman á óvenjulegan hátt landlýsingar, saga, kveðskapur og þjóðlegur tónlistararfur. Myndir og mál skapa **órofa heild** sem líkja má við hljómkviðu í ótal tilbrigðum.“*

Árni Hjartarson jarðfræðingur



Páll Stefánsson

Gunnsteinn Ólafsson

YFIR 300 LJÓSMYNDIR!



★★★★

Einar Falur Ingólfsson, Morgunblaðinu

Um Hjarta Íslands – Perlur hálendisins

BJARTUR | VERÖLD

bjartur-verold.is

VORAR

GERÐU VEL VIÐ ÞIG HEIMA UM JÓLIN

1.198 kr./kg

Frosnar Rjúpnabringur 345 g breskar

798 kr./kg

Frosin Rjúpa 375 g bresk

1.198 kr./pokinn

Risarækjur hráar
454 g

BÓNUS
það munar um minna

MINNA SALT
ÞARF EKKI AÐ SJÓÐA
...bara beint inn í ofn
þangað til að kjöthitamælir
sýnir 65°C kjarnhita

ÍSLENSKT gjörið svo vel

2.798 kr./kg

Norðlenska Fyllt Lambalæri
camembert, döðlur og trönuber
úrbeinað

ÍSLENSKT gjörið svo vel

2.598 kr./kg

Norðlenska Fjalla Hangilæri
úrbeinað

MEÐ BEINI

ÍSLENSKT gjörið svo vel

1.198 kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur
nýreyktur - með beini

ÚRBEINAÐUR

ÍSLENSKT gjörið svo vel

1.398 kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur
nýreyktur - úrbeinaður

Verð gildir til og með **6. desember** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

KALKÚNABRINGA - FRÁBÆRT VERÐ

998 kr./pk.

Kalkúnafylling
600 g

BÓNUS VERÐ

BETRA VERÐ VEGNA LÆGRI TOLLA

1.598 kr./kg

Kalkúnabringa
frosin - þýsk

ÍSLENSKT gjörið svo vel

1.198 kr./kg

KS Lambalæri
frosið - 2020 slátrun

BÓNUS VILLISVEPPASÚPA

NÝTT Í BÓNUS
TILBÚIN
ÞARF AÐEINS AÐ HITA

ÍSLENSKT gjörið svo vel

898 kr./1 kg

Bónus Villisveppasúpa
1 kg

BÓNUS GRJÓNAGRAUTUR

NÝTT Í BÓNUS
LAKTÓSALAUS
TILBÚINN - ÞARF AÐEINS AÐ HITA

ÍSLENSKT gjörið svo vel

679 kr./1 kg

Bónus Grjónagrautur
1 kg - laktósalaus

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

KINDA sögur
2. BINDI
Fæst í verslunum okkar
á Selfossi og í Ármúla 42
Bókakaffið

BAKÞANKAR

Svanborgar Sigmarsdóttur

Ást á orðum

Það eru aldrei góðar vikur þegar krossgátur síðustu helgar liggja óbættar hjá garði við lok viku. Það segir mér bara að ég hef ekki fundið mér tíma til að gera það sem mér þykir hvað skemmtilegast – að leika mér að orðum. Í mesta lagi hef ég kannski náð að gera í nokkrum skrafleikjum á netinu.

Ég þarf samt ekkert að kvarta. Líklegast hef ég verið of upptekin við að skrifa texta, reyna að meitla setningar og gera þær enn skýrari en í gær. Fjarlægja óþarfa kommur og hikorð sem ég sé svo auðveldlega hjá öðrum og nota svo sjálf án þess að hika. Allt í þeirri von að upplýsingarnar muni á einn að annan veg komast til þín.

Ást á orðum kemur ekki af sjálfu sér. Hana þarf að rækta eins og önnur ástarsambönd, með lestri og hlustun á alls konar texta. Það þarf að lesa vondan texta til að þekkja góðan. Það þarf að leyfa góðum orðasamböndum og myndlíkingum að leika við tunguna eins og gott rauðvín. Og þessu fylgir aðdáun á rithöfundunum sem ná að galdra fram texta sem hreyfir við sálinni og flytur okkur í tíma og rúmi.

Rithöfundarnir eru mín frægðarmenni. Ég get ekki sagt þér hvaða íþróttalið eru að berjast við titla en fylgist með þeim mun meiri áhuga með tilnefningum til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Mig langar í allar bækurnar og dreymi ekki bara um bókajól, heldur jólabókaflóð – og 13. mánuðinn til að lesa þær allar. Njótum hátíðismánaðar íslenskra bóka og gleðilegt flóð.

Beint í bílinn úr lúgunni
Kvikk ON THE GO | ORKAN

Bökunarvörur
Frábært úrval
BAKO ÍSBERG
ELDHÚS ALLRA LANDSMANNA
Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

– BETRA BAK HEFUR OPNAÐ Á ANNARRI HÆÐ Í KRINGLUNNI –

DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM

QUILTS OF DENMARK®

VENO DÚNSÆNG
Hlý og góð dúnsæng (650 gr).
60% dúnn, 10% smáfiður.
100% bómullaráklæði.

18.320 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð 140 x 200 cm: 22.900 kr.

TEMPRAKON ADVANCE SÆNG
Stærð: 135 x 200 cm. Einnig fáanleg 135 x 220 cm og 200 x 220 cm. Fylling: 90% hvítur gæsadúnn. Þyngd: 600 gr.

37.520 kr. JÓLAVERÐ

Fullt verð: 46.900 kr.

STÓRI BJÖRN MEDIUM KODDI
Þægilegur Quilts of Denmark dúnkoddi. Stærð: 50x70cm. 85% fjaðrir. 15% andadúnn. 700g. Áklæðið er úr 100% bómull.

6.320 kr. JÓLAVERÐ

Fullt verð: 7.900 kr.

JOOP RÚMFÖT
100% silkimjúk, straufrí, egypsk bómull.

20.720 kr. JÓLAVERÐ

Fullt verð: 25.900 kr.

RAUÐIR	STÆRÐIR: 37–42
BLÁIR	STÆRÐIR: 36–42
BLEIKIR	STÆRÐIR: 35–42
LJÓSIR	STÆRÐIR: 35–42
GRÁIR	STÆRÐIR: 35–47

8.900 kr. ALLAR STÆRÐIR

Frá 19.120 kr. JÓLATILBOÐ

Fullt verð frá: 23.900 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

KRINGLUNNI
Reykjavík
820 6015

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

OPNUNARTÍMAR
Upplýsingar um opnunartíma á www.betrabak.is

Betra BAK